



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Félags- og mannvísindadeild

MA-ritgerð

Náms- og starfsráðgjöf

„Þegar ég verð stór, ætla ég að verða pollur“

Hugmyndir leikskólabarna um framtíðarstarf

Agnes Ósk Snorradóttir

Júní 2010

Leiðbeinendur: Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Jóhanna Einarsdóttir

Nemandi: Agnes Ósk Snorradóttir

kt. 101172- 3929

Útdráttur

Þróun starfsferils byrjar með hugmyndum barnsins um eigin framtíðarstörf og stöðu. Markmið rannsóknarinnar var að skoða hugmyndir 3-6 ára barna um framtíðarstörf og þróun þessara hugmynda eftir aldri. Áhrif félagslegra þátta, s.s. kynferðis og búsetu, á starfshugmyndir voru einnig könnuð. Lögð var áhersla á að skoða leik barna með það að leiðarljósi að sjá hvort og hvaða störf komu fram í leik þeirra. Jafnframt voru börnin spurð að því hvað þau ætluðu sér að verða þegar þau yrðu stór. Eigindleg rannsóknaraðferð var notuð við öflun gagna og úrvinnslu þeirra. Megin niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að þau störf sem koma fram í leik tveggja elstu árganga í leikskóla þróist frá því að vera ímyndanir yfir í að raunsæ störf komi fram. Kynjamunur kom fram í ímyndunarleikjum hjá eldri börnunum þar sem drengir léku sér frekar í slíkum leikjum. Matreiðslustörf voru algeng í leik beggja aldurshópa og hjá báðum kynjum. Kynjamunur kom fram í báðum aldurshópum varðandi umönnunarstörf en stúlkur sóttu frekar í leiki sem snérist um umönnun. Þegar félagslegir áhrifaþættir voru skoðaðir kom í ljós mikill munur eftir kynferði, en ekki eftir búsetu. Kynjamunur var á því hvaða raunsæ störf komu fram í leik barnanna.

Abstract

The development of a career starts with the ideas a child has concerning their future occupation and status. The aim of this research was to look at the ideas pre-school children (ages 3-6) have on their future careers and the development of these ideas in relation to age. The influence of social factors such as gender and place of living were also explored. An emphasis was put on observing children at play to see if and then what occupations were reflected in their games. Furthermore, children were asked what they wanted to do when they grew up. A qualitative method was used in this research, both when gathering and processing data.

The main results of the research indicate that the occupations reflected in child play in the two oldest groups in kindergarten develop from being fantasy to becoming realistic career ideas. Relative gender difference occurred in fantasy games with the older children, where boys had a richer tendency to play those sorts of games. Cooking was common in the games of both genders and age groups. A difference between genders occurred in both age groups when looking at caretaking games, but girls preferred caretaking game playing. Place of living did not seem to make a difference in this research, but gender had a considerable effect.

Formáli

Rannsóknin er unnin sem meistaraþrófsverkefni til fullnaðar MA- gráðu í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Vægi hennar er 30 einingar. Rannsóknin byggist á þátttökuathugunum með tveimur elstu árgöngum í 4 leikskólum og fór fram haustmisseri 2009 og á vormisseri 2010. Leiðbeinendur verkefnisins voru Guðbjörg Vilhjálmsdóttir dósent í náms- og starfsráðgjöf, Háskóla Íslands og Jóhanna Einarsdóttir prófessor á Menntavísindasviði, Háskóla Íslands. Vil ég þakka þeim fyrir þann áhuga sem þær sýndu verkefninu mínu, bæði með hvatningu og styðjandi, faglegri ráðgjöf.

Áhugi minn fyrir starfsþróun ungra barna vaknaði á námskeiðinu Starfsráðgjöf sem er hluti af M A.- námi í náms- og starfsráðgjöf. Börn á öllum aldri hafa alltaf vakið áhuga minn og hefur nám mitt og starf tekið mið af því. Grunngráða mín í háskólanámi er B.A. í uppeldis- og menntunarfræðum og félagsfræði. Með þessari rannsókn með ungum börnum hefur mér tekist að nýta grunnmenntun mína og sameina þá háskólamenntun sem ég hef.

Fjölmargir aðilar hafa komið hér við sögu. Ég vil þakka Björgvini E. Björgvinssyni og Guðfinnu Gunnarsdóttur framhaldsskólakennurum fyrir yfirlestur og góð ráð.

Starfsfólki og ekki síst börnum í leikskólunum fjórum sem tóku þátt í rannsókninni þakka ég fyrir að gera rannsóknina mögulega með jákvæðni, einlægni og hlýjum móttökum.

Þá má ekki gleyma að þakka stjórnendum mínum í Fjölbrautaskóla Suðurlands fyrir skilning og liðlegheit á meðan á náminu stóð.

Síðast en ekki síst þakka ég Björgvini, börnunum okkar, Ísak Þór, Lovísu Þóreyju, Evu Dagmar og foreldrum mínum Kristlaugu Dagmar og Snorra fyrir þolinmæði, hvatningu, tryggnar stuðning og skilning á meðan á náminu stóð. Fyrir það verð ég ævinlega þakklát.

Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Abstract	4
Formáli.....	5
Inngangur	8
1. Starfsferilþróunarkenningar	9
1.1 Kenningar um starfsferilþróun í barnæsku.....	9
1.1.2 Þróun aðlögunarhæfni á starfsferli	14
1.1.3. Kenning Gottfredson um afmörkun og málamiðlun.....	19
1.1.4 1.Stig. Afstaða til stærðar og valds.....	22
1.2 Áhrif kynferðis á starfsþróun barna.....	23
1.2.1 Þróun kynímyndar	26
1.3 Kynjuð áhrif foreldra á starfsferilþróun.....	27
1.4 Áhrif búsetu á starfsþróun barna	28
2. Nýlegar rannsóknir á starfsferilþróun barna	30
3. Aðferð	34
3.1 Framkvæmd.....	34
3.2 Þátttakendur.....	35
3.3 Gagnaöflun	36
3.4 Skráning og úrvinnsla gagna	38
3.5 Áreiðanleiki og réttmæti	39
3.6 Siðferðilegir þættir	40
4. Niðurstöður	42
4.1 Yngri börnin (3ja-5 ára).....	42
4.1.1 Störf/hlutverk í leik.....	42
4.1.2 Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?.....	45
4.1.3 Hegðun	48

4.2 Eldri börnin (4urra-6 ára).....	49
4.2.1 Störf/hlutverk í leik.....	49
4.2.2 Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?	53
4.2.3. Hegðun	56
5. Umræða.....	58
Heimildaskrá	72
Viðaukar	76
Viðauki 1 Tilkygning um vinnslu persónuupplýsinga	76
Viðauki 2 Leyfisbréf	78

Inngangur

Undirstöður þróunar starfsferils má rekja til fyrstu æviáranna, en samt er lítið vitað um þennan þátt í æviskeiði barna á leikskólaaldri. Erlendir fræðimenn eru þó farnir að gefa þessu skeiði vaxandi athygli og má leiða líkum að því að það geti haft áhrif á inn grip eða náms- og starfsráðgjöf við yngstu börnin og uppáendur þeirra. Kynbundið náms- og starfsval hefur valdið því að stúlkur og drengir hafa ekki haft það val sem æskilegt er til þess að einstaklingurinn njóti sín á eigin forsendum. Mikilvægt er að komast að því hvenær hugmyndir barna um störf þróast, svo hægt sé að vinna með þeim í náms- og starfsfræðslu.

Í þessari rannsókn er leitast við að kanna fyrstu birtingarmyndir hugmynda barna á leikskólaaldri um störf. Leitast er við að skoða hvort umhverfi og kyn barnsins hafi þar áhrif en markmið rannsóknarinnar er að skoða hugmyndir um störf hjá 3-6 ára leikskólabörnum.

Það er við hæfi að hefja ritgerðina á orðum Graham Green:

„Það er alltaf eitt augnablik í æskunni, þegar dyr opnast og hleypir framtíðinni inn”

(Green, G., 1940, sjá í Hartung og félagar, 2008).

1. Starfsferilþróunarkenningar

1.1 Kenningar um starfsferilþróun í barnæsku

Hægt er að rekja hugmyndir um starfsferilþróun barna til upphafs síðustu aldar, en árið 1909 ræddi Bandaríkjamaðurinn Parsons um mikilvægi starfsferilþróunar hjá unglingum og kom umræðunni af stað. Fyrir árið 1918 var ekki algengt að börn gengju í skóla lengur en til 12-14 ára aldurs. Stór hópur unglunga á þessum aldri sótti vinnu eða var á þeim tímamótum að hætta í skóla og byrja að vinna. Aldur einstaklinga á þessum tímamótum varð til þess að Parsons velti fyrir sér hvaða skilningur væri á störfum og hvort/hvaða fyrirætlanir væru til staðar varðandi störf. Þessi staða varð til þess að unglingar fengu starfsráðgjöf og starfsráðgjafarmiðstöðvar voru settar á laggirnar (Porfeli, Hartung og Vondracek, 2008).

Starfssálarfræðin hefur lagt áherslu á starfshegðun sem þróunarferli síðan á 4. tug síðustu aldar. Árið 1931 lagði Lazarfeld fram hugmyndir um upphaf starfshugsunar hjá börnum og tveimur árum seinna kom Bühler fram með hugmyndir um lífstig (life stages). Undirliggjandi í samtímakeningum þess tíma um starfahegðun er sú skilgreining að starfsákvarðanir séu samfelldar og stigskiptar í gegnum lífið (Vondracek og Kirchner, 1974). Kenningar Ginzberg og féлага um starfsval og sex stiga kerfi Havighurst um starfsþróun falla undir þessa skilgreiningu sem kom fram snemma á 6. áratugnum. Þá fyrst varð til fræðilegur grunnur að starfsþróun barna (Vondracek og Kirchner, 1974, Hartung, Porfeli, og Vondracek, 2008). Fræðimennirnir Ginzberg, Ginsburg, Axelrad og Herma skipuðu í upphafi sjötta áratugsins, þverfaglegt teymi hagfræðings, geðlæknis, félagsfræðings og sálfræðings og voru leiðandi í þeirri hugmyndafræði að starfsþróun væri ferli sem nær hápunkti snemma á þrítugsaldri. Ginzberg og félagar lögðu áherslu á að starfsval er ekki stök ákvörðun, heldur röð ákvarðana

sem hafa verið teknar á mörgum árum. Þar hefur hver ákvörðun sem tekin er áhrif á þá ákvörðun sem kemur á eftir. Ginzberg og félagar skilgreindu fjögur tímasteið sem öll innihalda stig í starfsþróun, nema fyrsta stigið. Fyrsta stigið er *Ímyndanir* og nær það frá fæðingu til 11 ára aldurs. Annað stigið er *Tilraunir* frá 11 ára til 17 ára en það skiptist í áhuga, möguleika, gildi og umskipti. Síðasta stigið er *Raunsæi* sem nær frá 17 ára fram á þrítugsaldurinn. Það stig skiptist í könnun, kristöllun og sérhæfingu. Lögð er áhersla á að starfshegðun á rætur sínar í bernsku og þróast með tímanum. Seinna var kenningin þróuð og endurskoðuð, meðal annars með því að leggja áherslu á að starfsferilþróun endar ekki á þrítugsaldrinum heldur á sér stað svo lengi sem einstaklingurinn tekur ákvarðanir um starf eða starfsferil (Herr, Cramer og Niles, 2004).

Á 7. tug síðustu aldar vakti Borrow máls á því að það vantaði rannsóknir á starfshegðun ungra barna en þær rannsóknir sem sérstaklega áttu við þennan aldurshóp voru undantekning og úrtakið í þeim svo lítið að erfitt var að taka mark á niðurstöðum (Vondracek og Kirchner, 1974). Á 8. áratugnum voru ýmsar rannsóknir gerðar sem bæðu staðfestu og hröktu kenningarnar. Rannsóknirnar studdu þó þær kenningar sem héldu því fram að starfstengd hegðun bæði breyttist og yxi með auknum aldri. Þá voru það ríkjandi hugmyndir í starfsferilfræðum að starfsferilþróun ætti sér stað allt lífið en samtíma kenningarmiðir litu flestir framhjá yngsta æviskeiðinu (Vondracek og Kirchner, 1974).

Fljótlega eftir að hjólin fóru að snúast í kenningum um starfsferilþróun barna komu fram hugmyndir um áhrif samskipta milli foreldra og barna á starfsval barna. Árið 1965 fjallaði Roe um mikilvægi sambands foreldra og barna í starfsþróun. Árið 1959 lýsti Erikson yfir mikilvægi starfa í sálfélagslegum þroska barna þegar þau uppgötva hvað það er að koma að gagni og vera hæfur til þess að stunda vinnu (Hartung o.fl. 2008). Fleiri fræðimenn hafa

skoðað starfsþróun barna eins og til dæmis Linda Gottfredson (2002) en hún einbeitir sér sérstaklega að hlut bernskunnar í starfsþróun einstaklingsins.

Bernskan hefur lengi verið viðfangsefni innan þróunarsálfræði, þróunarfélagsfræði og lífstíðar starfssálfræði (Life span vocational psychology) en samkvæmt Hartung, Porfeli og Vondracek (2008) þá lýsa þessar kenningar á ólíkan og ótengdan hátt sjónarmiðum á æskuna. Hægt er að nota þessar kenningar þegar lýsa á byggingu, virkni og ferli starfsþróunar jafnt í æsku sem síðar á lífsleiðinni. Hvert og eitt þessara sjónarhorna leggur til skilning á starfsaðlögun sem hefur rætur sínar í barnæsku. Hér á eftir verður greint frá helstu sjónarhornum sem komið hafa fram um þróun starfsferils hjá börnum.

Lífstíðarþróun (Life span development). Lífstíðarþróunarkenning lítur á sálfélagslega þróun mannsins sem ævilangt ferli. Starfsferilþróun á sér stöðugt stað í sögulegu og menningarlegu samhengi, þvert á aldursskeiðin í lífinu. Frá frumbernsku, æsku-, unglings-, og fullorðinsárum og að síðustu elliárunum. Þetta sjónarhorn lítur á þróun manneskjunnar sem samfellu sem ekki verður fastskorðuð í tímabilum eða stigum. Super setti fram kenningu árið 1990 um starfsferilþróun hjá börnum. Hann telur að börnin stjórnist af forvitni sem oft er fullnægt í gegnum könnun, en könnun telur hann mikilvæga í starfsferilþróun (Sharf, 2006). Kenning Super, sem kom fram 1990, var mjög skýr um starfsþróun barna en var byggð á takmörkuðum rannsóknum og samskiptum við börn. Vaxtarstigið í starfsþróun barna, samkvæmt Super, á sér stað frá fæðingu til 14 ára aldurs og flokkast í 9 stig. Forvitni, könnun, upplýsingar, lykilatriði, áhuga, stjórnun, tíma sjónarhorn, sjálfsmýnd og áætlunargleði (planfulness) (Schultheiss, Palma, og Manzi, 2005). Super notaði kerfisbundnar rannsóknir á unglingspiltum og fullorðunum körlum til að byggja kenningu sína á. Kenning Gottfredson (1981) telst líka vera lífstíðarþróunarkenning en kenning hennar getur hjálpað til við að skilja

hvernig einstaklingurinn sér sjálfan sig í samfélaginu í samhengi við eigin gildi, tilfinningar og áhuga.

Lífstíðar félagsfræði (Life course developmental sociology) heldur því fram að starfsferill einstaklinga hafi fyrirfram ákveðið kerfi eða mynstur til þess að þróast eftir. Þessi mynstur eru bæði orsök og afleiðing fyrir mannlega þróun. Mynstrin eru skilgreind í aldurstengda þætti. Félagleg hlutverk geta verið skilgreind með tilliti til tíma (t.d. aldurs einstaklings eða sögulegs svæðis) og í samfelldri hefðbundni hlutverkaröð, (s.s. skóli, vinna, hjónaband, foreldrahlutverk) eða óhefðbundin samfelld röð (s.s., skóli, foreldrahlutverk, vinna, hjónaband). Einstaklingur í þróun heldur sér innann ramma félagslegra, menningarlegra og sögulegra aðstæðna og þróar sitt eigið mynstur.

Þróunarkerfiskenning (Developmental system theory) heldur því fram að einstaklingurinn sé hvort tveggja afurðin og framleiðandinn í eigin þróun. Innan þessarar kenningar er litið svo á að einstaklingurinn sé opið kerfi sem er í gagnvirku sambandi við önnur kerfi. Einstaklingurinn verður fyrir áhrifum af þessum kerfum sem eru til dæmis kynferði, kynþáttur, hæfni eða félagsleg staða.

Starfsþróunarsálarfræði (Developmental career psychology) lítur ásamt áðurnefndum kenningum á starfsþróun sem ævilangt ferli aðlögunar og breytinga sem byrjar í bernsku og verður fyrir áhrifum af persónulegum þáttum og samhengi. Fólk þróast í félagslegum hlutverkum í vinnu og öðrum hlutverkum í lífinu, í samskiptum við umhverfi, fjölskyldu, menningu, sögu og félagslegt umhverfi og efnahagsaðstæður. Starfsþróun er samofin þróun manneskjunnar, líkamlega, vitsmunalega og sálfélagslega. Með þetta að leiðarljósi hafa margar starfakenningar tekið bernskuna með sem eitt aldurskeiðið í starfsferilþróun (Hartung o.fl., 2008).

Kenning Holland um starfapersonuleika og starfsumhverfi kom fram 1997. Í kenningunni kemur fram að starfsferil einstaklings í gegnum lífið er hægt að sjá fyrir sér sem tengsl milli persónu og umhverfis (Hartung ofl., 2008). Kenning Holland lýsir því hvernig einstaklingar eiga í samskiptum við umhverfi sitt og hvernig eiginleikar einstaklingsins og umhverfisins koma fram í starfsvali og aðlögun hans (Spokane og Cruza- Cuet, 2005)

Barnæskan er talin vera upphafið á starfsferilþróun en svo til allar útgefnar og núverandi starfsferilþróunarkenningar minnast að einhverju leyti á eðli barnæskunnar í tengslum við starfsval, þróun og aðlögun. Eins og komið hefur fram eru skoðanir fræðimanna á starfsferilsþróun í bernsku nokkuð skiptar. Sumir hafa ályktað almennt um starfsþróun barna eins og Super en aðrir, eins og Gottfredson og Erikson hafa skoðað dýpra einstaka þætti í starfsferilþróuninni eins og kynjahlutverkin, væntingar barna til starfa og hvernig börn taka afstöðu til vinnuhlutverksins (Porfeli ofl., 2008). Empírískar niðurstöður síðustu áratuga sýna samkvæmt Porfeli og félögum (2008) að frá 4-5 ára aldri byrja börn að skoða störf og sýna þeim skilning. Á þessum aldri eru þau farin að hafa raunsæjan skilning á störfum sem verður svo smám saman stöðugur. Stöðugleiki starfsáhuga hjá börnum hefur líka verið skoðaður. Tracey setti fram niðurstöður árið 2002 sem segja að starfsáhugi barna breytist og verði smám saman stöðugri frá grunnskóla til unglingsára (Schultheiss, Palma og Manzi, 2005). Samkvæmt Helwig (2001) þá aukast félagsleg gildi væntinga til starfa frá bernsku þar til börnin verða 10 ára. Ýmsir fræðimenn eins og Eriksson, Havighurst og Super, hafa haldið því fram að börn byrji snemma að hugsa um störf og taki snemma afstöðu til starfa. Þessi afstaða á að mótast á grunnskólaaldri (Porfeli ofl. 2008). Aðrir vilja meina að hugmyndir barna um sig sjálf og störf byrji að mótast fyrr eða á leikskólaaldri (Gottfredson, 2002, 1997, 1981).

Fræðin eru stutt komin með starfsferilþróun barna samkvæmt Schultheiss (2008) og í flestum tilfellum byggjast þau ekki á kenningum. Þá byggja þær flestar á þróun starfsferils

drengja á unglingsaldri. SCCT (social career cognitive theory) félagslega og hugræna starfsþróunarkenningin byggir einnig á rannsóknum á unglingum og framhaldsskólánemendum en ólíkt öðrum starfsferilþróunarkenningum byggir SCCT á rannsóknum á bæði körlum og konum (Schultheiss, 2008).

Náms- og starfsráðgjafarfræðin sem snúa að börnum eru í sjálfu sér ung fræði. Upphafið er hægt að rekja til aldamóta 1900 en óhætt er að segja að vakning var á málefnum uppúr miðri 20. öld þegar Ginzburg og félagar lögðu fræðilegan grunn að starfsferliþróun barna (Porfeli, 2008). Helstu sjónarhorn á starfsferilþróun hjá börnum eru lífstíðarþróun, lífstíðarfélagsfræði, starfsþróunar sálarfræði og þróunarkerfiskenningin. Flestir fræðimenn eru sammála um það að starfsferilþróun hefst í bernsku og er mikilvægur grunnur að framtíðar starfsferilþróun, en fræðimenn eru einnig sammála um að þetta skeið hefur allt of lítið verið rannsakað (Schultheiss, 2008).

1.1.2 Þróun aðlögunarhæfni á starfsferli

Starfsþroskinn (career maturity) er mikilvægur þáttur í starfsferilsþróun barna og unglinga samkvæmt Hartung o.fl. (2008). Starfsþroskinn næst með öflugum samspili milli einstaklings og umhverfis. Í starfsþroska eru ákveðnir viðhorfsþættir sem samkvæmt Hartung o.fl. (2008) vísa til þroska barnsins og unglingsins er það færast í átt til viðeigandi ákvörðunar og könnunar. Vitsmunalegur starfsþroski felur í sér að einstaklingurinn öðlast þekkingu á innihaldi og færni þegar starfsákvarðanir eiga sér stað og öðlast jafnframt þekkingu á starfa- heiminum (Hartung o.fl., 2008). Gerður er greinamunur á *stigi* (degree) og *hlutfalli* (rate) við könnun á starfsþroska. *Hlutfall* er staðsetning einstaklings í starfsþroskanum þar sem ljóst er hvaða verkefnum hann hefur lokið og hvaða verkefnum hann stendur frammi fyrir. *Stig* vísar til hvernig hegðun einstaklingsins er á tilteknum tíma í samanburði við aðra innan sama hóps sem glímur við sömu verkefni (Hartung o.fl., 2008). Flestar rannsóknir hafa lagt áherslu á

hlutfall þróunar frekar en *stig* þróunar. Starfsþroskahugtakið hefur verið gagnrýnt, en Savickas (2001) gerði grein fyrir 12 takmörkunum sem felast í hugtakinu. Í gagnrýninni kemur meðal annars fram að hugtakið vinnur ekki með því að starfsþróun sé lífstíðarferli þar sem Super byggði kenningu sína á rannsóknum á unglíngum og ungu fólki. Savickas (2001) nefnir einnig að fáar empírískar rannsóknir eru til sem varða spágildi starfsþroskans í tengslum við seinni starfsferilsþróunarstig. Lögð er áhersla á að aldur sé mælistika á þróun og starfsþroskalkánið byggir frekar á formgerð en þróun þar sem Super notar fjórar víddir til þess að formgera starfsþroska hjá unglíngum. Tvær viðhorfavíddir og tvær vitsmunavíddir. Savickas (2001) vill meina að ferli starfsþroskans sé illa skilgreint og ekki sé hægt að setja starfsferilsþróun dagsins í dag í fyrirfram ákveðið form þar sem þjóðfélag dagsins í dag er stöðugt að breytast og er óstöðugt.

Upphafið að líkani Savickas (2002) fyrir starfsaðlögunarhæfni má finna í líkani Super sem kom fram 1957. Í líkaninu er lögð áhersla á heim barna, hlutverkaleiki, uppgötvanir og þýðingu starfa sem seinna leiðir til áhuga og getu, vals á athöfnum og áætlana í tengslum við starfsval. Líkanið (sjá mynd 1) nær frá fjögurra ára til þrettán ára og er skipt í 4 stig: a) Umhugsun (concern) þar sem þróun þeirrar afstöðu sem einstaklingurinn tekur í framtíðinni byrjar. Einstaklingurinn áttar sig á mikilvægi þess að skipuleggja framtíðina og skoða hvaða möguleikar geti verið framundan í starfi. b) Stjórnun (control) þar sem einstaklingurinn nær stjórn á lífi sínu. Hann áttar sig á eigin hlutverki í starfsþróun sinni hvað varðar ákvarðanatöku í námi og starfi. c) Forvitni (curiosity) um störf. Einstaklingurinn leitar að meiri skilningi á störfum og skoðar hvaða valmöguleikar eru í boði. d) Sjálfstraust (confidence) til þess að byggja upp framtíðina. Sjálfstraust er nauðsynlegt fyrir þá sem eru að velja sér nám eða starf og eykst með því að ná árangri í lausn verkefna (Savickas, 2005). Seinna bætti Savickas við fimmta hugtakinu, samvinna (co-operation) en þar er gerð grein

fyrir mikilvægi samvinnu í samskiptum við annað fólk (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðrún Birna Kjartansdóttir, 2009). Nýlega hófst alþjóðlegt samstarf vísindamanna með það markmið að hanna mælitæki á aðlögunarhæfni. Slík þróunarvinna er einnig hafin hér á landi (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðrún Birna Kjartansdóttir, 2009).

Aðlögunarhæfni Vídd	Starfa spurningar	Viðhorf og skoðun	Hæfni	Starfsvandi	Hegðun til að höndla	Tengsl	Starfa inngríp?
Umhugsun	Á ég mér framtíð?	Áætlanagleði	Skipulagning	Afskiptaleyfi	Meðvitandi Flókinn Undirbúningur	Ósjálfstæður	Stefnumarkandi æfingar
Stjórnun	Hver á framtíð mína?	Afgerandi	Ákvarðanataka	Óákveðni	Ákveðni: Ögun Þrjóska	Sjálfstæður	Æfa ákvarðanatöku
Forvitni	Hvað vil ég gera við framtíð mína?	Spurull	Könnun	Óraunsæi	Tilraunir: Áhættusækni Leitandi	Háðir innbyrðis	Æfingar í að sækja upplýsingar
Sjálfstraust	Get ég það?	Gagnlegur	Vandamálalausn	Hindrun	Langvarandi: Kappkostun Vinnusemi	Jafningi	Uppbygging sjálfsmats

Mynd 1. Líkan fyrir þróun aðlögunarhæfni á starfsferli. (Heimild, Savickas, 2002, sjá í Hartung o.fl. 2008).

Einstaklingurinn byrjar á barnsaldri að þróa með sér þá stefnu sem hann tekur í framtíðinni hvað varðar nám og starf. Hann áttar sig á mikilvægi þess að skipuleggja framtíðina og skoða hvaða möguleikar geti verið framundan í starfi. Í framhaldinu nær einstaklingurinn væntanlega stjórn lífi sínu. Hann áttar sig á eigin hlutverki í starfsþróun sinni hvað varðar ákvörðunartöku í námi og starfi. Ungu manneskjan verður forvitin um störf og leitar að meiri skilningi á störfum og skoðar hvaða valmöguleikar eru í boði. Að lokum öðlast hún sjálfstraust til þess að byggja upp framtíðina. Reynsla, möguleikar og virkni verða til þess að börn rækta með sér væntingar og áætlanagleði um framtíðina. Börnin verða að geta þróað traust til foreldra, gæsluaðila, kennara og annarra til þess að fá þann stuðning sem þau þurfa á meðan þau þroska hæfileika til þess að skipuleggja og undirbúa framtíð sína. Ef hluttekningu skortir getur það leitt til vantrúar á framtíðina. En skortur á athygli eða von varðandi framtíðina getur valdið neikvæðum tilfinningum og hegðunarvandamálum. (Hartung o.fl., 2008). Líkanið er bætt útgáfa af líkani Super sem kom fram árið 1974 en það hefur verið víkkað ásamt því að þroskastigum Erikssons var bætt inn í. Líkanið gefur einnig sýn á framtíðina, sjálfsstjórn og sjálfsmatsþætti í starfsferilþróun barna með sama hætti og Super hafði sýnt fram á árið 1957. Samkvæmt líkaninu þá er bernskan mikilvægt tímabil í þróun starfsferilþroskans. Barnið byrjar snemma að móta sér þá afstöðu til náms og starfs sem það tekur í framtíðinni. Hlutverk foreldra og annarra uppalenda er stórt og hluttekning þeirra í starfsferilþróun barnsins er burðarás í þeirri starfsferilþróun sem framundan er. Annar fræðimaður, Linda Gottfredson, átti eftir að útfæra hugmyndir um starfsferilþróun í barnæsku mun ítarlegar.

1.1.3. Kenning Gottfredson um afmörkun og málamiðlun

Kenning Lindu Gottfredson er sú kenning sem mest hefur skoðað starfsferilsþróun barna. Því er ástæða til að skoða sérstaklega kenningu hennar um hvernig hugmyndir barna um þau sjálf og störf þróast. Veitt verður yfirsýn yfir kenninguna í heild en síðan lögð áhersla á fyrsta stigið.

Lykilhugtök í kenningu Lindu Gottfredson

Kenning Gottfredson, eins og fleiri starfsferilþróunarkenningar, lítur á starfsval sem einskonaþróunarferli þar sem einstaklingurinn sækist eftir starfi sem passar við áhuga og markmið hans. Kenningin um afmörkun og málamiðlun leggur til fjögur þróunarferli sem eru mikilvæg í þessu ferli: 1) vitsmunafroski (cognitive growth), 2) aukning í sjálfsmiðuðum þroska (self-creation), 3) einstaklingurinn verður ákveðnari í hvaða störf henta ekki (circumscription) og 4) öðlast þekkingu á þeim ytri þáttum sem útilokar hann frá ákveðnum störfum (compromise) (Gottfredson, 2005).

Gottfredson (1981) segir að einstaklingurinn sjái fyrir sér í huganum kort af störfum. Störfin eru sett í þrjár víddir sem eru virðing, kynferði og starfssvið. Einstaklingurinn staðsetur sig á víddirnar út frá því hvernig hann sér sjálfan sig. Gottfredson (1997) skoðar hvernig börn skynja störf út frá staðalmyndum starfa og hvernig ungt fólk tekst á það við starfsval sem samfélagið býður upp á (Gottfredson, 2005). Kenningin gengur út frá því að allir hugsi eins um störf sama úr hvaða félagslega umhverfi þeir koma.

Kynferði

Samkvæmt kenningunni þá er kynferði mikilvægur þáttur í sjálfsmynd barna og hefur áhrif á hvernig börn ákveða hversu vænleg ólík störf eru fyrir einstaklinga eins og þau sjálf. Kynferði er sá hluti af sjálfinu sem ungt fólk er almennt síst viljugt til að hafna þegar þau þurfa að taka stórar málamiðlanir þegar þau velja starf. Kenningin leggur áherslu á að kynið er einn af áhrifaþáttunum, ásamt greind og áhuga (Gottfredson, 1981)

Virðing

Gottfredson telur virðingu eitt af lykilatriðunum í kenningu sinni. Einstaklingurinn ber saman starfssvið við þá hugmynd sem það hefur af því sem það vill vera í framtíðinni og hversu mikið hann vill leggja á sig til þess að fá starfið. Gottfredson (1981) setur upp hugrænt kort af störfum sem hún telur að sé eins fyrir flesta. Aðal víddir í starfaskynjuninni er virðing starfsins og kynjun þess.

Starfssvið

Störf sem einstaklingurinn setur í forgang fær athyglina þegar kemur að því hjá einstaklingnum að taka ákvörðun um starf. Áhugi á störfum byggir á væntingum sem einstaklingurinn hefur til tiltekinna starfa. En þar sem þetta stig kemur síðar til sögunnar er því fórn að á undan t.d. skynjaðri kynímynd starfsins. Einstaklingar eru því líklegir til þess að minnka væntingar sínar. Stúlkur geta til dæmis sleppt ýmsum kostum í námi þrátt fyrir að áhugi sé fyrir hendi vegna þess að þeim finnst ákveðin fög vera frekar fyrir stráka eða hljóti að vera erfið.

Þessir þrjú þættir kynferði, virðing og starfssvið spila allir saman. Þegar einstaklingur þarf að gera málamiðlun þegar hann ákveður hvaða starf/nám verður fyrir valinu er hægt að skoða niðurstöðu ákvörðunar út frá því hversu mikla málamiðlun einstaklingurinn þarf að gera (Sharf, 2006). Ef málamiðlun er lítil eru miklar líkur á því að einstaklingur setji starf í forgang sem hentar áhuga hans. Ef málamiðlun er miðlungs mikil er líklegt að einstaklingur fórn áhuga á starfi áður en hann fórnar virðingu starfs eða kynjun starfsins. Ef málamiðlun er stór segir Gottfredson að einstaklingurinn fórn síst kynjun starfsins (Sharf, 2006).

Því er hægt að segja að þegar einstaklingur velur sér nám/starf og þarf að gera málamiðlun, þá fer áhuginn fyrst, síðan virðing starfsins og síðast kynjun þess. Þannig gengu t.d. konur í karlmannsstörf í stríðinu, þegar engir karlar voru eftir til að sinna þeim. Samkvæmt

Gottfredson (1981) þá er þróun sjálfsmýndarinnar og þau störf sem vekja áhuga einstaklingsins nátengd

Lykilatriði í kenningunni eru þrjú þróunarferli; a) þróun ímynda af sjálfum sér og starfaheiminum b) það að börn þrengja stöðugt, með auknum aldri, þá starfamöguleika sem þau telja henta þeim c) málamiðlun í samræmi við raunveruleikann. Þessi ferli byrja samkvæmt Gottfredson (1997) snemma í bernsku og móta þær starfavæntingar sem unglingar og fólk á fyrri hluta fullorðinsára reyna að tileinka sér (Gottfredson, 1997). Öll börn fara í gengum sömu fjögur stigum í afmörkun (circumscription). Sum hratt og önnur hægt allt eftir vitsmunahæfni þeirra (cognitive ability) (Gottfredson, 2005). Hugmyndum barna um sjálf sig og störf og hvernig þær þróast í bernsku, skiptir Gottfredson í 4 stig:

1. Afstaða til stærðar og valds. Um þriggja til fimm ára aldurinn hugsa börn um störf sem hlutverk fullorðinna.
2. Afstaða til kynhlutverka. Um sex til átta ára aldurinn fara börn inn á þetta stig. Börn flokka störf fólks og eru farin að skilja og nota kynhlutverkið en nota það sem sýnilega lýsir kyni eins og föt og lengd á hári. Börn á þessum aldri flokka störf í kvennastörf og karlastörf eftir því hvort kynið starfar við það. Þau eru ósveigjanleg í hugsun sinni og trúá því að hegðun sama kyns sé sú eina rétta.
3. Afstaða til félagslegra gilda. Um 9-13 ára aldurinn fara börn að átta sig á að hlutirnir eru ekki eins einfaldir og þeir voru fyrir þeim á stigi 2. Þau átta sig á því að fólk er ólíkt og val þeirra á störfum getur farið eftir félagslegri stöðu viðkomandi og hæfni.
4. Afstaða til innra sjálfs. Eftir 14 ára aldurinn fara unglingar að einbeita sér meira að sálfélagslegum þáttum bæði sínum eigin og starfa. Á þessum aldri hafa unglingarnir þróað sama vitsmunalega kortið af heimi starfanna og fullorðnir, ásamt því að hafa

áttað sig á því hvar þeirra eigin félags- og sálfélagsleg einkenni passa við (Gottfredson, 1997).

1.1.4 1.Stig. Afstaða til stærðar og valds

Börn á leikskólaaldri þróa frá töfrahugsun til þess að byggja starfshugsanir sínar á innsæi. Börnin átta sig á stöðugleika hlutanna og að fólk getur ekki breytt kyni sínu með því að skipta um föt eða fara í klippingu. Börnin skilgreina manneskjur á auðveldan máta sem litlar og varnalausar eða stórar og voldugar. Þau átta sig á að störf eru fyrir fullorðna (Gottfredson, 2005).

Töfrahugsun og ímyndanir

Á þessu stigi er sjálflægur hugsunarháttur sem snýst um hugarflug sem er töfrum líkast. Hlutirnir eru valdir út frá hraða, hreyfingu, glæsileika eða krafti. Valið inniheldur ákveðið hugarflug eða fantasíur og ekki er gerður greinamunur á fortíð, framtíð eða nútíð. Börnin fara að hugsa um að leika foreldra, sérstaklega af sama kyni en lítill skilningur er þó á hlutverki foreldra. Heiminum er skipt í slæmt - gott, stórt - lítið. Börnin breytast frá því að hugsa um töfra þar sem ekki er gerður greinamunur á persónum og hlutum til skilnings á framtíðinni og foreldahlutverkinu (Gottfredson, 1981, 1997, 2002). Þegar börn eru farin að þekkja hlutverk fullorðinna takmarka þau væntingar sínar við fullorðinshlutverk. Þá fara út hlutverk þar sem ímyndunaraflíð ræður ferðinni þegar þau vilja vera prinsessur og ómennsk hlutverk eins og að vilja vera kanína eða klettur (Gottfredson, 2005).

Kynhlutverk

Þegar börnin ná lokum 2. stigs, yfirleitt um 8 ára aldur þá vilja þau viðhalda því sem þau telja viðeigandi kynhlutverk (Gottfredson, 1981, 1997, 2002, 2005). Börnin verða vör við mun á kynjunum en hafa ekki þróað fastmótaða kynímynd fyrr en á stigi 2 og við lok 2. stigs vilja þau viðhalda því sem þau telja viðeigandi fyrir kynhlutverkin (Gottfredson, 1981, 1997, 2002, 2005). Um fjögurra til fimm ára aldurinn miða börnin við stærðamun á sér og fullorðnum og

milli konu og karls og nota stærð til þess að skilgreina vald. Aldur og stærð er þeim ekki alveg ljós. Að eldast eða verða stór eru aldurs og tímahugtök fyrir fullorðna (Gottfredson, 1981). Þegar börnin eru þriggja til fjögurra ára kjósa þau að leika sér við leikfélaga af sama kyni. Við fjögurra til fimm ára aldurinn gera börnin sér grein fyrir ólíkum hlutverkum kynjanna hjá fullorðnum og átta sig á að karlar sinna frekar hlutverkum sem geta falið í sér ofbeldi eða áhættu. Nefna má hermenn, lögregluþjóna eða slökkviliðsmenn (Gottfredson, 1981).

Sjálfsmynd

Gottfredson (1981, 1997, 2002) leggur áherslu á hugtakið sjálfsmynd í kenningu sinni. Hugtakið vísar til þess hvernig við sjáum okkur sjálf, hvað við erum og hvað við erum ekki. Sjálfsmyndin er samsett úr ólíkum þáttum frá tilvist okkar almennt til stórra hlutverka í lífinu. Meginþættirnir sem tengjast störfum eru kyn, stétt, greind og starfsáhugi, færni og gildi. Þessir þættir eru samtvinnaðir sjálfsmyndinni á ólíkum stigum í vitsmunapróskanum.

Hér hefur kenningu Lindu Gottfredson um afmörkun (circumscription) og málamiðlun (compromise) verið gerð skil. Lögð var áhersla á fyrsta stigið í kenningu hennar sem á við þriggja til fimm ára börn. Ýmsar rannsóknarniðurstöður hafa stutt þætti í kenningu Gottfredson (t.d Helwig, 2001, Vondracek og Kirchner, 1974) og aðrar hrakið ákveðna þætti í kenningunni (t.d Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðmundur Bjarni Arnkelsson, 2005) þessar rannsóknir eiga það þó sameiginlegt að hafa skoðað þætti sem varða efri stig kenningarinnar.

1.2 Áhrif kynferðis á starfsþróun barna

Kyn er stór áhrifabreyta í þróun starfsferils (Gottfredson, 1981, 2005 og fleiri). Gottfredson (1981) útskýrir kynjamun með staðalmyndum af störfum. En hugtakið staðalmyndir starfa nær yfir alhæfingu um persónuleika fólks sem sinnir ákveðnu starfi, alhæfing um hegðun þess og lífið sem það lifir. Gottfredson (2005) segir að börnin flokki störf á tvær víddir, kynferði

starfsmanna í störfum og virðingu. Börn deila svipuðum staðalmyndum um sig sjálf og stúlkur sækja frekar í „kvenna“ störf en drengir í „karla“ störf. Ólíkur náms- og starfsáhugi kynjanna hefur verið rannsakaður lengi í náms- og starfsráðgjafarfræðum. Þessi munur er útskýrður á ýmsan máta. Árið 1960 vildu O'Dowd og Beardslee, meina að þessi munur sé skýrður með mun á starfshugsunum eða starfsskynjun. En þessi hugtök eru samheiti yfir það hvernig einstaklingur hugsar um starfsheiti eða ákveðin störf. Starfshugsun er mæld með því að kanna hugmyndir fólks um störf með tilliti til hversu gagnlegt starfið er eða hversu virðingarvert það er (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2004).

En er kynjamunur í hugsun um störf? Samkvæmt Guðbjörgu Vilhjálmsdóttur (2004) þá er greinilegur munur á kynjunum hvernig þau hugsa um tiltekin störf. Í niðurstöðum rannsóknar Guðbjargar sem fór fram í 10. bekkjum í 26 grunnskólum árið 1996 kom fram að drengir gefa störfum, sem snúa að tæknistörfum og verkfræði, meira vægi en stúlkur sem meta meira störf sem snúa að umhyggju. Kynin eru sammála um hvaða störf eru kvenleg eða karlleg en munur kemur fram ef virðingarstaða starfanna er skoðuð en þá meta drengir hefðbundin kvennastörf virðingarminni, og síður gagnleg en hefðbundin karlastörf. Drengjum finnst að hefðbundin kvennastörf feli í sér minni ábyrgð og þeir telja að hærri laun fái fyrir karlastörfin. Bæði kynin virðast að þessu leyti vera sátt við hefðbundin störf sem samsamast þeirra kyni þar sem stúlkur telja líka að hærri laun fái fyrir kvennastörf (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson, 2005). Samkvæmt Guðbjörgu Vilhjálmsdóttur (2008) þá er starfshugsun milli aldurshópa nokkuð stöðug frá því einstaklingur lýkur grunnskóla við 15-16 ára og þar til framhaldsskóla lýkur um tvítugt hvað varðar virðingu starfa. Þegar skoðað er hvernig kynin flokka störfin kemur fram munur á drengjum og stúlkum en samkvæmt McMahon og Patton (1997) þá takmarka drengir á aldrinum 5-18 ára þau störf sem þeim finnst henta konum. Athugasemdir þeirra í viðkomandi rannsókn

endurspegluðu frekar kynjastaðalmyndir um störf en athugasemdir hjá stúlkum og drengir sýndu einnig frekar skilningsleysi á þeim kynbræðrum sínum sem kusu kvenlæg störf eins og matreiðslu. Það virðist einnig kynjamunur á því hversu vel kynin eru inni í störfum en drengir virðast hafa meiri þekkingu á störfum en stúlkur. Staðalmyndir um störf kynjanna komu líka fram hjá 5-7 ára drengjum þegar þeir töldu upp störf sem þeir vildu ekki sinna því þau væru fyrir konur. Samkvæmt þessu þá er kerfisbundinn munur á því hvernig kynin hugsa um störf en þar eru ekki allir fræðimenn sammála. Gottfredson (1981) hefur þá skoðun að bæði kynin hafi sama hugræna kortið af heimi starfanna eða að allir hugsi eins um störf. Þessi skoðun Gottfredson hefur verið gagnrýnd en ýmsir hafa véfengt kenningu hennar um algilt hugarkort og vilja meina að fólk hugsi ólíkt um störf eftir félagslegum uppruna þeirra (Guichard og félagar, 1994 sjá í Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson, 2005). Þegar uppbygging á áhuga er hins vegar skoðaður þá er áhuginn tiltölulega stöðugur og svipaður milli kynjanna en þó er lítið vitað um hvernig áhugi þróast og verður stöðugur með aldrinum (Tracey og Robbins, 2005). Ólík náms- og starfshugsun kynjanna er ýmist skilgreind út frá ólíkri starfshugsun/ starfsskynjun eða staðalmyndum starfa. Greinilegt er að kynjamunur er á hugsun um störf og staðalmyndir starfa koma snemma fram hjá börnum. Hefðbundin kvennastörf eru minna metin hjá drengjum sem þó virðast hafa meiri þekkingu á störfum en stúlkur, kannski er það raunveruleikinn sem kemur fram í launamun kynjanna. Það vakna upp ýmsar spurningar þegar áhrif kynferðis á starfsþróun barna eru skoðuð. Skiptir kynferði barnsins máli ef skyggnast á inn í framtíð þess? Er hægt að hugsa sér dulda forskrift sem miðast við kynferði barnsins og inniheldur möguleika þess í framtíðarnámi og starfi? Hvað er það sem gerist? Hvenær fara stúlkur og drengir að líta á sig sem stúlkur eða drengi með tilheyrandi uppskrift sem þeim ber að fara eftir? Hver býr til uppskriftina? Er möguleiki á því að við séum öll eins þrátt fyrir ólíkan félagslegan bakgrunn?

1.2.1 Þróun kynímyndar

Til eru ýmsar skilgreiningar á hugtakinu kynímynd. Kynímynd er ýmist skilgreind sem skynjun sjálfsins á því sem er karlmannlegt eða kvenlegt eða sem skynjun einstaklingsins á því sem er karlkyns eða kvenkyns. Seinni skilgreiningin á þá við þá merkingu sem það hefur fyrir einstaklinginn félagslega eða sálrænt að tilheyra ákveðnu félagslegu og líffræðilegu kyni. Þróun kynímyndar barna er nátengd þróun sjálfsmyndarinnar og kemur meðal annars fram í því að barnið fer að þekkja sig í spegli og fer að nota fyrstu persónu fornafn um sjálf sig. Þegar börnin ná tveggja til þriggja ára aldri fara þau að líta á sig sem stelpur eða stráka. Þegar börn hafa náð 5 ára aldri hafa þau flest gert sér grein fyrir mun á kynjunum og hlutverkum þeirra. Um sex til sjö ára aldurinn hefur kynímyndin fest sig í sessi og er orðin varanleg og einstaklingurinn áttar sig á því að kynið breytist ekki við klippingu eða klæðaburð (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994). Ólík hlutverk kynjanna koma vel fram þegar leikföng og leikir sem börnin velja sér eru skoðuð. Drengir vilja frekar leika úti og fljúgast á og haga sér á árasagjarnari hátt. Drengir leika sér frekar að leikfangabílum og í leikjum sem krefjast mikillar líkamlegrar virkni. Stúlkurnar sækja frekar í listir, dúkkuleiki og dans (Snowman og Biehler, 2003). Börn læra mikið um heim starfana frá foreldrum, jafningjum, bókum og sjónvarpi. Um fjögurra til fimm ára aldurinn hafa þau góða hugmynd um sig sjálf sem drengi eða stúlku. Líklega hefur verið komið ólíkt fram við kynin frá fæðingu eftir því hvort þau eru drengur eða stúlka (Croll og Moses, 1990).

Samkvæmt þessu þá er kynímyndin órjúfanlegur hluti af sjálfsmyndinni. Skólagangan hefur mikið forspárgildi fyrir starfsþroska og náms- og starfsval samkvæmt Helgu Magneu Steinsson (2001) og mótar líðan nemenda og reynsla, jákvæð og neikvæð einnig sjálfsmynd þeirra. Af þessu má draga þá ályktun að hlutverk kynímyndarinnar í náms- og starfsvali er stórt. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir vægi kynímyndar þegar starfsferilþróun barna er skoðuð.

1.3 Kynjuð áhrif foreldra á starfsferilþróun

Foreldrahlutverkið er stórt hlutverk í lífinu og margbreytilegt. Starfsferilþróun er kannski ekki eitthvað sem nýbakaðir foreldrar hafa efst í huga þegar þeir sinna nýjum erfingja en áhrif foreldra á þennan þátt í lífi einstaklingsins er ótvíræður. Ólík kynhlutverk eru oft styrkt með hegðun foreldra sem hvetur drengina til þess að vera virkir og sjálfstæðir og stúlkur til þess að vera rólegar og ósjálfstæðar (Snowman og Biehler, 2003). Hugmyndir barna um störf verða sérstaklega fyrir áhrifum frá föður fyrstu 5 árin samkvæmt Hartung, Porfeli og Vondracek (2005) en þá byrja áhrif frá móður að koma fram og hafa að lokum meiri áhrif en áhrif frá föður. Ekki er ólíklegt að hlutverk móðurinnar inni á heimilinu hafi áhrif þar sem konur virðast frekar vera ábyrgðaraðilinn fyrir umönnun barna/barns. Samkvæmt skýrslu um kynbundin launamun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann og gaf út í september 2008, þá telja konur sig oftari ábyrgðaraðila fyrir umönnun og eftirlit með börnum/barni síðastliðna 6 mánuði eða 70,1 % kvenna á móti 7,4 % karla. Samkvæmt Helgu Magneu Steinsson (2001) þá hafa jákvæð tengsl einstaklingsins við fjölskyldu sína mikil áhrif á ákvarðanir um nám og störf. Flest börn alast upp í umhverfi þar sem báðir foreldrar eru útvinnandi, en samkvæmt Vinnumarkaðskönnun hjá Hagstofu Íslands (sótt af netinu 30. nóvember 2008) þá vann 83,3% landsmanna 16 -74 ára launaða vinnu árið 2007. Þegar atvinnuþátttaka kvenna var skoðuð reyndist hún 78,6% hvort sem um hluta- eða 100% vinnu var að ræða.

Þekking barna á störfum foreldra sinna og annarra í fjölskyldunni hefur áhrif á náms- og starfsval þeirra og gera einstaklinga meðvitaðri um hvað þeir vilja í námi og starfi samkvæmt Helgu Magneu Steinsson (2001). Ýmsir hafa gert grein fyrir áhrifum kennara á börnin en Snowman og Biehler (2003) ræða um að kynjagslaga (gender bias) eigi sér stað þegar kennarar bregðist ólíkt við hegðun drengja og stúlkna án þess að hafa fyrir því

kennslufræðilegar ástæður. Þessi slagsíða getur haft áhrif á náms- og starfsval kynjanna. Jafningjar barna geta einnig styrkt hugmyndir þeirra um störf en samkvæmt Snowman og Biehler (2003) þá geta jafningjar styrkt ólík hlutverk kynjanna þegar börn taka eftir því að vinirnir eru tilbúnari til þess að leika þegar valið er leikfang sem á frekar við viðeigandi kyn samkvæmt hefðinni. Margir fræðimenn hafa lagt áherslu á áhrif foreldra á börnin sín hvað varðar nám- og starf (Helwig, 2008, Helga Magnea Steinsson, 2001). Þetta sýnir mikilvægi þess að foreldrar séu meðvitaðir um hlutverk sitt í starfsþróun barna en þeir eru einstaklingarnir sem gefa börnunum flest ráðin og flestar upplýsingar um nám og störf (Helwig, 2008). Samkvæmt því sem komið hefur fram þá hafa foreldrar áhrif á starfsferilþróun barna sinna í gegnum uppeldið. Í byrjun hefur faðirinn mest áhrif á hugmyndir barnsins um störf. Frá 5 ára aldri hefur móðirin mest áhrif en hún virðist frekar vera ábyrgðaraðilinn í umönnun barnsins. Jákvæð tengsl við foreldra og þekking barna á starfi þeirra hefur mikil áhrif á náms- og starfsval barna.

1.4 Áhrif búsetu á starfsþróun barna

Niðurstöður rannsókna á Íslandi hafa bent til þess að búseta hafi áhrif á hugmyndir barna um störf (til dæmis Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðrún Á. Stefánsdóttir, 2006 og Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal (2002), komust að því í rannsókn sinni að ungt fólk úti á landi er tvisvar sinnum líklegra til þess að kjósa verk- og starfsnám heldur en jafnaldrar þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Staðsetningin á framhaldsskólum skiptir líka máli þegar framhaldsmenntun er skoðuð þar sem einstaklingar sem búa nærri þeim eru líklegri til þess að ljúka stúdentsprófi (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðrún Á. Stefánsdóttir, 2006).

Þegar umhverfi einstaklinga er skoðað segir Giddens, í kenningu sinni um félagslega samvirkni (Giddens, 1991 sjá í Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðrún Á. Stefánsdóttir, 2006)

að munurinn á frumhópatengslum og fjarhópatengslum sé sá að í frumhópatengslum eru tengsl milli fólks persónulegri og nálægðin meiri. Gott dæmi um frumhópatengsl eru litlir byggðarkjarnar eða þorp úti á landi og er ekki ólíklegt að þessi ólíku tengsl hafi áhrif á það hvernig fólk hugsar um störf eftir búsetu (Guðbjörg Vilhjálmisdóttir og Guðrún Á. Stefánsdóttir, 2006). Fjölskylduböndin virðast líka vera sterkari en samkvæmt Helgu Magneu Steinsson (2001) þá eru fyrirmyndirnar og fjölskylduböndin sterkari eftir því sem samfélagið er fámennara.

Hugarfar ungmenna á landsbyggðinni gagnvart störfum er einnig ólíkt því sem gerist hjá jafnöldrum þeirra á höfuðborgarsvæðinu en samkvæmt Guðbjörgu Vilhjálmisdóttur og Guðrúnu Á Stefánsdóttur (2006) þá lítur unga fólk á landsbyggðinni jákvæðari augum störf eins og verkamannastörf og störf við iðngreinar og líta með svipuðum augum störf sem þarfnast háskólamenntunar og ungmenni af höfuðborgarsvæðinu. Skynjun unga fólksins á landsbyggðinni á störfum virtist einnig jákvæðari og virtust þau hafa meiri vitneskju um hvað fólst í störfunum. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á búsetumun í starfshugmyndum ungra barna á Íslandi og vekur það upp spurningar um hvort og þá á hvaða aldri umhverfi barnanna hefur áhrif á starfshugmyndir þeirra.

2. Nýlegar rannsóknir á starfsferilþróun barna

Starfsþroski barna er talinn mikilvægur grunnur sem hefur áhrif á starfsþróun einstaklingsins seinna á ævinni (McMahon og Watson, 2008, Hartung, Porfeli og Vondracek, 2005, Porfeli, Hartung og Vondracek, 2008) og það sem börn læra um störf hefur áhrif á ákvarðanir sem þau taka sem unglingar og fullorðið fólk (Hartung o.fl., 2005). Þessi skortur á rannsóknum á starfsferilþróun hjá ungum börnum er ein ástæðan fyrir því að kynin leita í hefðbundin störf, sérstaklega stúlkur (Porfeli og o.fl., 2008). Áherslan innan starfsþróunarfræða hefur verið á unglinga og fullorðna, aðallega í Bandaríkjunum og hjá miðstéttarfólki og á því byggja kenningar um starfsferilþróun barna (McMahon og Watson, 2008 og Schultheiss, 2008). Rannsóknir á þessu sviði virðast hafa verið tilviljanakenndar og þrátt fyrir að börn séu stærstan hluta dagsins í skóla eða í skólatengdum athöfnum, hafa fáar rannsóknir verið gerðar á starfshegðun barna sem taka tillit til skólaumhverfisins, tómstunda eða eru í samstarfi við kennara (Schultheiss, 2008). En hver er ástæðan fyrir því að starfsþróun barna hefur verið svona lítið skoðuð? Porfeli og félagar (2008) nefna tvær ástæður. Fyrri ástæðan er sú að fræðimenn hafa lítið á þetta tímabil í lífinu sem tímabil leikja og hugarflugs sem er vitsmunalega ekki tengt heimi starfana. Rannsóknarniðurstöður síðustu áratuga hafa þó bent á að fjögurra til fimm ára börn eru komin með nokkuð raunsæja hugmynd um störf sem verður stöðugri með tímanum (Hartung, 2005). Seinni ástæðan er sú að fræðin eru slitin úr samhengi við þróunarfræði og menntun. Almenn er talið að nám eigi sér stað samhliða starfsferilsþróun hjá börnum, það hefur þó ekki verið rannsakað (Watson og McMahon, 2005). Frekar hefur verið skoðað hvað börn vita um störf frekar en hvernig þau öðlast upplýsingarnar um störf. Vakning er í fræðunum um starfsferilþróun barna. Í vaxandi mæli er lítið á bernskuna sem mikilvægan hlekk í starfsþróun einstaklingsins. McMahon og Watson

(2008) kalla eftir yfirgrípsmeira og heildstæðara sjónarhorni í starfsþróunarkenningum og í rannsóknum á starfsferilþróun hjá börnum. McMahon og Watson (2008) lýsa eftir meiri áherslu á ferli og þörfinni fyrir að staðsetja starfsþróun barna sem einn mikilvægan hlekk í lífstíðar starfsþróun. Fyrstu stigin í þróun starfsferils hafa mikla þýðingu og þróun starfsferils verður ekki skilin ef bernskan er ekki talin með. Þau vilja meina að ófullnægjandi tengsl milli kenninga, rannsókna og framkvæmdar sé þekkt ásamt þeim afleiðingum sem það getur haft á inngríp á fyrstu stigum starfsferilþróunar. Starfsþróunarfræðin sem varðar börn eru bæði sundurleit og skortir almennt dýpt. McMahon og Watson (2008) vilja meina að starfsþróunarfræðin sem lúta að börnum séu enn í mótun. Í samanburði eru starfsþróunarfræðin sem snúa að unglingum og fullorðnum langt komin. Schultheiss (2008) varar við þeim möguleika að byggja rannsóknir á þeim starfsþróunarkenningum sem hafa komið fram og bendir á að það geti myndað blinda punkta í skilningi á starfsferilþróun hjá börnum. Heimurinn hefur breyst og er sífellt að breytast. Porfeli (2008) segir að mikilvægt sé að skoða breytileika bernskunnar þegar skoðaður er skilningur á starfsferilþróun hjá börnum. Við vitum að heimur starfanna breytist en lítið er um þá umræðu í starfsþróunarfræðunum. Hartung (2008) bendir á að menningarheimur barna hefur breyst hvað varðar frjálsræði og ábyrgð og vekur það upp spurningar um kenningar um starfsþróun hjá börnum sem komu fram fyrir áratugum síðan í samanburði við þá reynslu sem börn hafa í dag.

Ákall hefur komið fram frá alþjóðasamfélagi í starfsferilþróunarfræðum. Ákall um að auka rannsóknir á fyrstu árum starfshugsunar og starfsferilþróunar. Hingað til hefur áhersla verið lögð á unglunga og fullorðna. Ýmsir fræðimenn telja að upphafið að starfsþróun sé í bernskunni og að þar liggi ástæðan fyrir því að kynin leiti í hefðbundin störf. Á Íslandi hafa verið gerðar rannsóknir á starfshugsun unglunga (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2004) og ungs fólks (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2008). Unnið var þróunarverkefni sem snérist meðal annars

um að hafa áhrif á viðhorf átta til níu ára barna til launaðra starfa (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994). Fræðin kalla á frekari rannsóknir á starfshugsun barna sem grunnurinn að framtíðar starfsþróun byggir á. Nýjar leiðir verður að fara til þess að skoða starfshugmyndir barna en Schultheiss (2008) leggur til að rannsóknir á börnum í sínu daglega starfi og samhengi gæti búið til frjóan jarðveg fyrir nýjan vöxt í kenningarþróun. Eigindlegar rannsóknaraðferðir gefa tækifæri til þess að skilja og útskýra í samhengi, reynslu og hegðun barna.

Nútímasamfélagið er byggt þannig upp í dag að á flestum heimilum vinna báðir foreldrar úti. Íslenskur vinnumarkaður er mjög kynskiptur bæði hvað varðar kynja hlutfall í stjórnunarstöðum og hlutfall kynjanna í ólíkum starfsgreinum (Jafnréttisþing, 2009). Ljóst er að aðrir þættir en áhugi og færni einstaklingins veiga þungt þegar ákvörðun um náms- og/eða starfsval er tekin. Sé litið til þessara þátta er hægt að segja að hvorki einstaklingurinn né vinnumarkaðurinn fái notið mikilvægs fjölbreytileika sem ólíkir einstaklingar af ólíku kyni bjóða upp á. Hefðbundnar staðalmyndir um störf eru lífseigar og valda því að einstaklingurinn hefur skert val. Hér á landi hefur ekkert verið skoðað hvernig hugmyndum ungra barna um störf er háttað, en þá er lagður grunnur að framtíðar starfsferilsþróun

Með þetta að leiðarljósi má velta fyrir sér hvernig starfshugmyndir þriggja til sex ára leikskólabörn á Íslandi hafa. Eftirfarandi rannsóknar spurningar voru lagðar til grundvallar:

1. Hvaða störf koma fram í leik 3ja-6 ára leikskólabarna sem tóku þátt í rannsókninni?
2. Hvað segjast þessi leikskólabörn ætla að starfa þegar þau verða stór?
3. Kemur fram munur á milli yngri og eldri leikskólabarna í hugmyndum þeirra um framtíðarstörf?

Undirspurningar:

- Er kynjamunur á því hvaða störf koma fram í leik þeirra?

- Er kynjamunur á því við hvaða störf þau segjast ætla að starfa við þegar þau verða stór?
- Endurspeglast umhverfi barnanna í störfum sem koma fram í leik þeirra?
- Endurspeglast umhverfi barnanna í þeim störfum sem þau ætla sér að gegna þegar þau verða stór?

3. Aðferð

Til þess að svara framangreindum rannsóknarspurningum voru notaðar eigindlegar rannsóknaraðferðir. Samkvæmt Bogdan og Biklen (2007) henta eigindlegar rannsóknaraðferðir vel þegar skoða á viðfangsefnið á dýptina. Bogdan og Biklen (2007) hafa tilgreint eftifarandi fimm einkenni eigindlegra rannsóknaraðferða:

1. Rannsóknir eru framkvæmdar í eðlilegu umhverfi viðfangsins.
2. Rannsakandi notar lýsandi rannsóknargögn.
3. Athuganir eru gerðar á ferli en ekki á útkomu eða niðurstöðu.
4. Rannsakandi greinir gögnin út frá aðleiðsluaðferð.
5. Merking er eitt af grundvallaratriðum í eigindlegum rannsóknum. Hér er rannsakandinn að skoða hvaða merkingu ólíkir einstaklingar leggja í mismunandi viðhorf, líf sitt og aðstæður.

Í þessum kafla er gert grein fyrir þeirri aðferð sem notuð var við rannsóknina. Í kaflanum er gerð grein fyrir undirbúningi, þátttakendum, gagnaöflun, skráningu og úrvinnslu ganga, áreiðanleika og réttmæti og siðferðilegum þáttum.

3.1 Framkvæmd

Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar (sjá fylgiskjal 1). Við val á leikskólum og barnahópum innan þeirra var notað markmiðsúrtak (purposive sampling). Miðað var við að í rannsókninni tækju börn í næst elsta og elsta árgangi í leikskóla. Leikskólarnir eru staðsettir annars vegar í sjávarþorpi og hins vegar í stærri þéttbýlisstað og lögð var áhersla á að kynjahlutföll væru sem jöfnust í hópunum. Með þessari aðferð var hægt að velja leikskóla og

barnahóp innan hans sem endurspeglar það sem ég hafði áhuga á að skoða. Þessi úrtaksaðferð krefst þess að ég sem rannsakandi hugsi á gagnrýninn hátt um hópinn sem ég hef áhuga á að skoða og velji útakið vandlega á þeim grundvelli (Silverman, 2005). Áður er rannsókn gat hafist í hverjum af þessum leikskólum fór eftirfarandi ferli fram: Ég hafði samband við leikskólafulltrúa hvers sveitarfélags, ef staða leikskólafulltrúa var til staðar og fékk leyfi til þess að tala við leikskólastjóra viðkomandi leikskóla. Ef leikskólafulltrúi var ekki til staðar talaði ég beint við leikskólastjóra. Við val á barnahópi var óskað eftir því við leikskólastjóra að kynjahlutfall væri sem jafnast í hópunum. Þegar leyfi frá leikskólastjóra lá fyrir fann hann deildarstjóra innan leikskólans sem var tilbúin til þess að leyfa rannsókn á sinni deild. Deildarstjórinn skipulagði með leikskólakennara viðkomandi hóps og mér hvenær þátttökuathuganir gætu farið fram. Þátttökuathuganirnar fóru af stað um leið og foreldrar/forráðamenn barnanna höfðu veitt leyfi til þess að vinna með börnunum þeirra. Þetta leyfi var veitt skriflega og öfluðu leikskólastjóri/deildastjóri leyfanna (sjá fylgiskjal 2). Hver heimsókn byrjaði á því að ég kynnti mig og ef ég hafði hitt þau áður þá spurði ég þau hvort þau myndu eftir mér. Þegar því var lokið spurði ég þau yfir hópinn, hvort ég mætti fylgjast með þeim leika sér og ræða við þau.

3.2 Þátttakendur

Gagnaöflun fór fram í fjórum leikskólum. Tveir leikskólanna voru í sitthvoru sjávarþorpinu og tveir voru í stærri byggð. Þátttakendum í rannsókninni, leikskólum, starfsfólki og börnum eru gefin gervinöfn til þess að gæta nafnleyndar. Í skrifum er þess einnig gætt að ekki sé hægt að rekja niðurstöður til barna, starfsfólks eða leikskóla. Hér á eftir fer lýsing á leikskólunum:

Hlíðarhvammur er tveggja deilda leikskóli í litlu sjávarþorpi. Í leikskólanum eru tæplega 30 börn. Ég fór í Hlíðarhvamm til þess að fylgjast með hópi af 3ja til 5 ára börnum. Ég hitti sex börn þar í þrjú skipti. Barnahópurinn samanstóð af þremur drengjum og þremur stúlkum.

Sunnuhlíð er fjögurra deilda leikskóli í stærri byggð. Í leikskólanum eru um 80 börn. Ég fór þangað til þess að vinna með hópi af 5 til 6 ára börnum. Ég hitti sex börn þar í samtals fjögur skipti. Barnahópurinn samanstóð af tveimur stúlkum og fjórum drengjum

Seljaland er þriggja deilda leikskóli í sjávarþorpi, í leikskólanum eru rúmlega 70 nemendur. Ég fór þangað til þess að vinna með hópi af 5 til 6 ára börnum. Ég hitti átta börn þar í þrjú skipti. Barnahópurinn samanstóð af fjórum stúlkum og fjórum drengjum

Byggðarhvammur er sex deilda leikskóli í stærri byggð. Í leikskólanum eru um 120 börn. Ég fór þangað til þess að vinna með hópi af 3ja til 5 ára börnum. Ég hitti börnin þar í tvö skipti. Í hópnum voru sex börn þrjár stúlkur og þrír drengir.

3.3 Gagnaöflun

Gagnaöflun hófst í september 2009 og stóð fram í lok janúar 2010. Í rannsókninni var gögnum safnað með þátttökuathugunum. *Þátttökuathugun* er aðferð sem vísar í félagslegt samspil milli rannsakanda og þátttakenda á meðan gagna er afluð kerfisbundið og nákvæmar lýsingar skrifaðar niður. Rannsakandinn fer á vettvang við náttúrulegar aðstæður og skráir niður það sem fyrir augu og eyru ber. Rannsakandinn kemur inn í heim sem hann ætlar sér að rannsaka, kynnist honum og ávinnur sér traust (Bogdan og Biklen, 2007). Þátttaka rannsakanda í þátttökuathugun fer eftir því hvað er verið að rannsaka. Eðlilegt er að í byrjun sé sá sem rannsakar dálítið utan við og bíði eftir því að vera samþykktur. Eftir því sem hann myndar meiri tengsl við þá sem taka þátt í þátttökuathuguninni þeim mun meiri þátttaka á sér

stað (Bogdan og Biklen, 1998). Það má segja að þetta hafi verið þróunin í þátttökuathugunum hjá mér. Þegar ég fór af stað í fyrstu þátttökuathugunina var ég dálítið leitandi og óörugg og vissi ekki alveg á hverju ég gæti átt von. Ég byrjaði á því að kynna hverjum stað fyrir sig og tók svo meiri þátt eftir því sem leið á. Því er hægt að segja að ég hafi notað tvær nálganir. Samkvæmt Gans (1982) var ég fyrst í hlutverki hlutlauss athuganda (researcher as observer). Þessi aðferð var notuð í fyrstu heimsókn í hvern barnahóp og í þrjár síðustu heimsóknirnar. Í heimsókn númer tvö breyttist hlutverk mitt en þá tók ég þátt sem rannsakandi (researcher participates, but as researcher). Þessi aðferð einkennist af því að ég varð þátttakandi í atburðinum en þátttaka rannsakanda byggist á rannsóknaráhuga hans (Gans, 1982) sem í þessari rannsókn var að spyrja börnin hvað þau ætluðu að verða þegar þau yrðu stór. Þátttökuathuganirnar fóru fram á útisvæði, í heimakróki, í einingarkubbum, í frjálsum leik og í hópastarfi og á öðrum þeim tímum sem hentaði starfsemi leikskólans best. Þá talaði ég við börnin á meðan þau voru að leika sér. Misjafnt var hvort ég talaði við nokkur börn í einu eða eitt og eitt, allt eftir því hvernig hentaði börnunum og hvernig aðstæðurnar voru hverju sinni. Stundum voru aðstæður þannig að ég gat gefið mig að einu barni í einu. Þá fór ég til barnsins þar sem það var að leika sér og ræddi við það. Ef börnin voru hins vegar að leika sér saman, til dæmis í einingarkubbum eða leira, þá talaði ég við þau tvö til þrjú saman. Alls gerði ég tólf þátttökuathuganir í leikskólunum. Í töflu 2 má sjá aldur barnanna og hvar leikskólarnir voru staðsettir. Þegar þessum þátttökuathugunum var lokið fór ég í eina heimsókn í viðbót á hvern stað. Seinni heimsóknirnar voru unnar á ólíkan hátt þar sem rannsakandi fylgdist með börnunum aðeins með þann tilgang að skoða eitt atriði betur, hvort störf koma fram í leik þeirra.

Aldur	Leikskólar í sjávarþorpi	Leikskólar í stærri þéttbýlisstað
3-5 ára	Hlíðarhvammur - 1 hópur 3 heimsóknir	Byggðarhvammur - 1 hópur 2 heimsóknir
4-6 ára	Seljaland - 1 hópur 3 heimsóknir	Sunnuhlíð - 1 hópur 4 heimsóknir

Tafla 2. Aldur barnanna og staðsetning leikskóla

Í lok þátttökuathugana fékk ég leyfi til þess að hafa samband aftur við viðkomandi leikskóla ef þörf væri á. Að rannsókn lokinni verða gögn geymd sem trúnaðarupplýsingar.

3.4 Skráning og úrvinnsla gagna

Hver heimsókn tók um 60 mínútur en alls voru þátttökuathuganirnar tólf talsins og tóku samtals rúmlega 700 mínútur. Fyrstu níu þátttökuathuganirnar voru unnar þannig að á meðan á þeim stóð fylgdist ég nákvæmlega með leik barnanna og samskiptum á milli þeirra, setti umhverfið og leik þeirra á minnið og skráði í sumum tilfellum hjá mér punkta. Eftir hverja heimsókn skrifaði ég hjá mér nótur þar sem nákvæm lýsing á þátttökuathuguninum kom fram í rituðu máli ásamt teikningum ásamt athugasemdum og hugleiðingum. Að því loknu lá fyrir rúmlega 100 blaðsíðna gagnasafn. Eftir fyrstu níu þátttökuathuganirnar fór ég aftur á vettvang til beggja aldurshópa Farið var í þrjár heimsóknir í þrjá fyrstu leikskólana þar sem þátttökuathuganir fóru fram til þess að skoða enn betur hvort einhver störf kæmu fram í leik barnanna. Í þessum heimsóknum fylgdist ég nákvæmlega með leik barnanna til þess að sjá hvort einhver störf kæmu fram. Ekki var sérstaklega fylgst með öðrum samskiptum á milli þeirra eða umhverfinu. Eftir hverja heimsókn skrifaði ég hjá mér nótur og hugleiðingar, þar sem kom fram hvort og hvaða störf komu fram í leik barnanna. Segja má að ég hafi farið í þessar seinni þátttökuathuganir með þrengra sjónarhorn í huga þar sem ég beindi einkum

sjónum að því hvort og hvaða störf komu fram í leik barnanna. Eftir seinni heimsóknirnar lágu fyrir um 10 blaðsíður. Þar sem þátttökuathugunum á síðasta leikskólanum lauk á sama tíma og farið var í auka heimsóknirnar ákvað ég að heimsækja hann ekki aftur. Í þessari rannsókn var sá háttur hafður á að ég notaði fyrstu heimsóknina til þess að kynna börnunum og til þess að leyfa börnunum að kynna mér. Fyrsta heimsóknin snérist um það að vera hlutlaus áhorfandi þar sem ég fylgdist hlutlaus með börnum að leik og gaf mig ekki að börnunum að fyrra bragði. Í annarri heimsókn gaf ég mig að börnunum og spurði þau hvort þau væru búin að ákveða hvað þau ætluðu sér að vera þegar þau yrðu stór. Misjafnt var hvort umræður sköpuðust milli mín og barnanna.

Við gagnagreiningu var notuð greiningaraðferð grundaðrar nálgunar. Hún felur í sér tvö stig kóðunar, opna kóðun og markvissa kóðun. Í opinni kóðun eru vettvangsnótur lesnar línu fyrir línu með það að markmiði að leita að þemum og kóðunarflokkum. Með markvissri kóðun er haldið áfram að fínþússa þemun út frá gögnum opinnar kóðunar. Þá er verið að leita að hugmyndum og flokkum sem mynda heildarmyndina og þemu í rannsókninni (Emerson, Frets og Shaw, 1995). Gögnin voru greind samhliða gagnaöflun í námskeiðinu *Eigindlegar rannsóknaraðferðir I* í MA- námi í náms- og starfsráðgjöf við HÍ og jafnframt í lokin þegar öll gagnaöflun hafði farið fram.

3.5 Áreiðanleiki og réttmæti

Samkvæmt Bogdan og Biklen (1998) er ekki til nein stöðluð aðferð til þess að meta eigindlega rannsókn. Í eigindlegri rannsókn er skoðað hvort verkið sé sannfærandi, vel skrifað og hvort það leggi eitthvað til málanna. Til þess að tryggja sem mestan áreiðanleika og réttmæti var reynt að hafa undirbúning, úrvinnslu og skráningu eins nákvæma og mögulegt

var. Reynt var að hafa að leiðarljósi markvissa vinnu í greiningu gagna og lesa þau oft yfir í vinnuferlinu. Notuð var fjölbreytni í úrtaki, tímasetningu og þeim stöðum sem þátttökuathuganirnar fóru fram en samkvæmt Hitchcock og Huges (2001) þá á það að auka trúverðugleika rannsókna. Ég sem rannsakandi geri orð Ganz (1982) að mínum er hann skrifaði „gildi niðurstaðna hvílir á dómgreind minni, hvernig ég vann úr vettvangsnótum. Niðurstaðan hvílir á persónulegri og kenningarlegri ákvörðun minni á því hvað var skoðað, hvað ég sá, hvað ég hundsáði og hvernig ég greindi afurðina“ (Ganz, 1982, bls. 410).

3.6 Siðferðilegir þættir

Við rannsóknir með börnum þarf að taka tillit til margra siðferðilegra þátta. Sjálf er ég móðir þriggja barna sem eru á aldrinum 3ja-11 ára. Ég hef reynslu af starfi með börnum og ungu fólki sem flokkstjóri og verkstjóri í vinnuskóla í sjö sumur. Ég vann á leikskóla í eitt ár, við kennslu í grunnskóla í tvö ár , núna sem náms- og starfsráðgjafi í framhaldsskóla og hef unnið þar í níu ár.

Það er alltaf ákveðin hættu á því að rannsakandinn sjái aðeins það sem hann vill sjá (Silverman, 2000) hef ég í rannsóknarvinnunni haft í huga að sem rannsakandi þarf ég að gera mér grein fyrir eigin fordómum, skoðunum, hugsunum og hugmyndum sem gætu haft áhrif á þróun rannsóknarinnar (Bogdan og Biklen, 2007). Mikilvægt er að þegar rannsóknir eru unnar með börnum sé leitað eftir upplýstu samþykki barnanna (Jóhanna Einarsdóttir, 2008). Þegar rannsóknin var unnin var alltaf sóst eftir samþykki barnanna fyrir því að rannsakandi væri inni hjá þeim og fengi að fylgjast með þeim í leik og fengi að tala við þau. Börn hafa hins vegar ákveðna sérstöðu sem þátttakendur í rannsóknum. Þó að barn hafi samþykkt þátttöku verður rannsakandi að taka tillit til þess að látbragð og hegðun barnsins

getur bent til annars (Jóhanna Einarsdóttir, 2007). Ef það komu upp þær aðstæður að ég upplifði að barnið vildi ekki tala við mig, dró ég mig í hlé og reyndi aftur síðar án þess að vera ýtin.

Valdajafnvægi í rannsóknum með börnum er líka þáttur sem vegur þungt siðferðilega þar sem tilhneiging er til þess að börnin vilji þóknast fullorðnum (Jóhanna Einarsdóttir, 2008). Í þessari rannsókn var leitast við að lágmarka valdaójafnvægið með því að framkvæma rannsóknina á leikskóla barnanna og án þess að breyta daglegu starfi þeirra.

Nærvera rannsakandans getur haft áhrif á hegðun og samskipti þátttakanda (Berger, 2000). Samkvæmt Bogdan og Biklen (2007) þá er áhrif rannsakandans meiri eftir því sem hópurinn sem verið er að rannsaka er minni. Það er því mikilvægt að reyna að falla inn í hópinn og skapa tengsl við þátttakendur. Þetta hafði ég að leiðarljósi þegar þátttökuathuganirnar voru framkvæmdar og tel mig oftast hafa náð að skapa tengsl við börnin. Eins og áður hefur komið fram, voru þátttökuathuganirnar skipulagðar þannig að í fyrstu þátttökuathugun, var ég hlutlaus áhorfandi sem gerði börnunum kleift að venjast nærveru minni. Öll samskipti við börnin í fyrstu heimsókn og þeirri síðustu voru að þeirra frumkvæði. Ég gat í flestum tilfellum fallið þannig inn í hópinn að börnin tóku mér sem sjálfsögðum hlut sem telst vera ákjósanlegt í þátttökuathugunum því þá aukast líkurnar á því að börnin sýni þá hegðun sem þau vanalega gera (Berger, 2000).

4. Niðurstöður

Niðurstöðurnar rannsóknarinnar gefa vísbendingar um það hvernig börnin sem tóku þátt í rannsókninni hugsa um störf og hvaða störf komu fram í leik barnanna. Eðli málsins samkvæmt er um að ræða lifandi rannsóknarefni sem er í stöðugum þroska. En börn á þessum aldri taka út mikinn þroska bæði andlega og líkamlegan. Þessar niðurstöður verður að skoða með það í huga að þátttakendur eru fáir einstaklingar eða 26 börn. Í yngri aldurshópnum voru 12 börn og eldri aldurshópnum alls 14 börn. Niðurstöðukaflanum er skipt í tvo kafla eftir aldri barnanna. Innan hvers kafla er gerð grein fyrir flokkum sem hægt var að greina undir hverju þema fyrir sig þegar þátttökuathuganirnar voru greindar. Í hvorum kafla fyrir sig eru niðurstöður skoðaðar út frá kynferði og umhverfi barnanna.

4.1 Yngri börnin (3ja-5 ára)

Við greiningu á gögnum komu fram eftirfarandi þemu hjá næstelstu börnunum:

Störf/hlutverk í leik. Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór og Hegðun.

4.1.1 Störf/hlutverk í leik

Þegar skoðað var hvaða störf komu fram í leik eldri árgangsins komu ekki fram mörg störf sem telja má til launaðra starfa á vinnumarkaði. Leikur barnanna einkenndist yfirleitt af hlutverkaleikjum hvort sem þeir voru raunsæir eða ekki. Hársnyrtistarfið var eina raunsæja launaða starfið sem kom fram í leik hjá yngri aldurshópnum, en þá tók allur hópurinn þátt, bæði kynin. Þau störf eða hlutverk sem komu fram í leikjum þessa aldurshóps má flokka sem *ímyndanir, matreiðslu og umönnunarstörf*.

Ímyndanir

Ímyndanaleikir einkennast af því að börnin leika sér sem hin ýmsu dýr í hlutverkjaleikjum. Eða hlutverk sem einkenndust af ævintýraljóma eins og prinsessur, ballerínur eða boxarar (Gottfredson, 1981). Í Hlíðarhvammi fylgdist ég t.d. með Elínu og Hörpu í mömmuleik sem breyttist skyndilega í „ljótaleik“ þar sameinuðu þær fantasíuleikinn og umönnunarstörfín því þær voru úlfar á meðan á honum stóð. Harpa virtist hafa afar mikla ánægju af þessum leik. Hún lék sér mikið sjálf, dundaði sér við að færa á milli staða eldhúsáhöld með munninum. Stúlkurnar lifðu sig mikið inn í leikinn og héldu áfram að færa til hluti með munninum og voru búnar að búa til smá „greni“ í einu horni herbergisins þar sem úlfarnir hreiðruðu um sig. Elín notaði bakið á bókaskápnnum og tróð sér þar inn og sagðist vera komin með rúm. Einnig komu fram hjá börnunum fantasíur eins ballerínur og prinsessur. Ákveðnar kröfur komu fram um hvernig að því skyldi staðið, það kom til dæmis fram Þegar Elín lék ballerínu tók hún sig til og sveiflaði sér um gólfið: „Þú verður að fara úr buxunum,“ segir Ásdís. „Nei,“ segir Elín „ég má það ekki, ég er ballerína,“ svaraði hún og tók stóra sveiflu á gólfinu. Ásdís setti upp smá snúð og segir: „Þú ert sko ekki neitt ballerína.“

Strákarnir léku sér einnig í fantasíuleikjum. Dæmi um það er þegar Daníel ákvað að vera ungi í egg. Hann lá á gólfinu og sagðist vera í egg. Elín kom til hans og lagðist við hliðina á honum. Hann sagði: „Við skulum bara lúlla saman hérna“. Þau gerðu það í smá stund þangað til Elín ákvað að draga Daníel út úr egginu og hún dró hann út á gólf. Börnin í Byggðarhvammi sóttu líka í að leika sér í dýraleikjum og var greinilegt að dýrin gátu allt, hvort sem þau voru foreldrar eða afkvæmi og var oft fjör hjá börnunum í leikjunum. Það kom skýrt fram þegar Daníel og Júlía ákváðu að fara í hákarlaleik. Júlía stóð og gólaði meðan Daníel skreið um gólfið.

Fantasíuleikirnir sem drengirnir sóttu í sem ekki er hægt að flokka undir dýraleiki og komu oftast en einu sinni fram, voru boxleikir þar sem þeir breyttu hlutum í boxhanska eins og í

Hlíðarhvammi þegar Daníel var að raða í ísskápinn og setti tvö plastglös á hendurnar og sagðist vera í boxi. Boxleikur kom einnig ítrekað fram hjá drengjunum í Byggðarhvammi. Sigursveinn snéri sér að Daníel sem spurði hann hvort hann vildi koma í „boxleik“. Sigursveinn jánkaði því og þeir settu sig í boxstellingar. Sigursveinn var þó frekar áhugalaus og með hálfum huga lamdi e-ð út í loftið. Daníel gekk harðar að honum og hoppaði um herbergið eins og atvinnuboxari í árásarhug.

Matreiðsla

Stúlkur og drengir sóttu nokkuð jafnt í að leika sér í matargerð og settu sig vel í hlutverkin þar sem þau elduðu, smurðu samlokur og hrærðu í pottum. Það kom vel fram hjá börnunum í Hlíðarhvammi þegar Harpa og Ásdís léku sér. Harpa var mamman og settist við græna dótakassann, Ásdís var stóra systirin sem tók sér stöðu fyrir framan eldavélina, setti rauðan plastpott á helluna og hrærði ákaft í honum með trésleif. „Minns er að elda,“ sagði hún. Davíð var einnig duglegur í eldamennskunni og lagði sig mikið fram og var einbeittur. Davíð stóð við sandkassann og hrærði í fötunni með skóflunni: „Hvað ertu að gera?“ sagði ég „Ég er að búa til súpu,“ sagði Davíð.

Umönnunarstörf

Yngri stúlkurnar léku sér frekar í leikjum þar sem umönnunarstörf komu fyrir (eða fóru frekar í hlutverk sem fólu í sér umönnunarstörf) en strákar á sama aldri. Þær léku sér frekar með dúkkur í mömmuleik og var umhugað um að vel færi um dúkkurnar, hvort sem það væri í rúmi eða vöggu. Það kom til dæmis fram þegar Elín tók stóra tuskudúkku með brúnt hár og lagði hana á lítinn tréstól, sem var samskonar og stóllinn sem ég (rannsakandi) sat á. „Nei!“ sagði Harpa. „Þetta getur ekki verið rúm, þetta er allt of lítið, það er best að það séu tveir saman.“ Eins og áður hefur komið fram sameinuðust þemun í sumum leikjunum þar sem umönnunarstörf komu greinilega fram í fantasíuleikjum.

Ekki kom fram munur eftir umhverfi barnanna.

4.1.2 Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?

Þegar yngri börnin voru spurð þessarar spurningar komu mörg áhugaverð svör fram. En umönnunarstörf og matreiðsla kom aldrei fram þegar börnin voru spurð um hvað þau ætluðu sér að verða þegar þau yrðu stór.

Niðurstöður benda til þess að börn í þessum aldurshópi geti hugsað út fyrir rammann. Þau telja sig geta allt og setja ekki fyrir sig hvort um raunverulegt starf er að ræða eða yfirleitt hvort hlutverkið sé mennskt. Það kemur þó fram mikil breidd allt frá því að hugsa út fyrir rammann og geta allt, hafa hugmyndir um starfsheiti en ekki þekkingu á því hvað felst í þeim, vera órugg og óviss að því sem kom fram í einu tilfelli, að vita um hvað starfið snýst. Niðurstöðurnar voru flokkaðar í eftirfarandi flokka: *Töfrahugsun og ímyndanir, raunsæ störf án starfsheitis og skortur á skilningi* sem kom fram þegar börnin voru spurð um hvað þau ætluðu sér að verða þegar þau yrðu stór. Niðurstöður eru skoðaðar út frá kynferði og umhverfi barnanna.

Töfrahugsun og ímyndanir

Í þessum flokki eru störf sem börnin nefna og hægt er að flokka sem töfrahugsun og fantasíur eða ímyndanir. Töfrahugsun telst eiga við ef börnin nefna ómennska hluti (klettur, róla eða pera) en fantasíur þegar þau nefna teiknimyndafígúrus, dýr eða hetjur (Gottfredson, 1981). Drengir og stúlkur á þessum aldri virðast bæði hafa hugmyndir sem falla inn í þetta þema. Dæmi um hugmyndir barnanna um störf sem hægt er að flokka innan töfrahugsunar var þegar ég spurði Davíð hvað hann ætlaði að verða þegar hann yrði stór. Daníel sagði: „þegar ég verð stór ætla ég að vera pollur.“ Daníel sá ekkert athugavert við þetta framtíðarstarf og snéri sér aftur að leik sínum. Sama kom fram hjá Nökkva og Erni. En Nökkvi nefndi áður raunsætt starf eins og kemur fram síðar í kaflanum og bendir það til þess að hann sé ekki öruggur á því hvað er raunsætt starf. Nökkvi segir: „Ég ætla að vera pera þegar ég er orðin stór“ og Örn tekur undir: „Já eða sólsafi.“

Það kom greinilega fram hjá börnunum á þessum aldri vísbending um að þau telja sig geta allt. Það er ekki komin raunsær skilningur á störfum og er þar jafnt á með kynjunum. Það kom til dæmis fram fantasía þegar ég spurði Ásdísi hvað hún ætlaði að verða þegar hún yrði stór: „Já ég er búin að ákveða það“ segir hún „Ég ætla að verða varðhundur,“ segir Ásdís , „því þeir eru með svo stórar og beittar tennur.“ Ásdís leggur áherslu á orð sín með því að bera efri góminn og benda á tennurnar þar.

Solla stírða er einnig dæmi um fantasíu en hún kom fram í leik stúlknanna og þegar spurt var um hvað þær ætli að verða þegar þær yrðu stórar. Solla stírða kom til dæmis fram þegar ég spurði Sigríði Erlu hvað hún ætli að verða þegar hún verður stór. „Ætla að vera Solla stírða,“ segir hún og síðan labbar hún um herbergið eins og spítukarl. „hún er nefnilega svo stírd,“ segir Sigríður Erla.

Það er áhugavert að sjá að ómennsk störf komu ekki fram í leik barnanna heldur aðeins þegar þau voru spurð að því hvað þau ætluðu sér að verða þegar þau yrðu stór. Það kom aldrei fyrir að barn léki klett eða poll.

Raunsæ störf án starfsheitis

Þegar gögnin um yngri börnin voru skoðuð komu í nokkrum tilfellum fram raunsæjar starfshugmyndir og kom ekki fram kynjamunur þar. Með raunsæjum starfshugmyndum er átt við störf sem eru á vinnumarkaði, voru þó með þeim annmörkum að starfsheitið var ekki ljóst. Þegar ég spurði Lísu hvað hún ætlaði að verða þegar hún yrði stór sagði hún: „Ég ætla svona að klippa sjálfa mig,“ og svo snerti hún á sér hárið. Þarna kom fram ákveðin þekking á starfi hársnyrtis, þó að starfsheitið hafi ekki legið fyrir hjá Lísu.

Fleiri börn nefndu raunsæ störf þó starfsheitið hafi ekki verið á hreinu eins og þegar Nökkvi svaraði spurningunni, Nökkvi sagði „...ég ætla að verða eins og pabbi. „Jæja“ sagði ég, „og hvað gerir pabbi þinn?“ Nökkvi segir: „Hann kann og smíða og getur allt.“ Þetta segir

hann með mikilli handasveiflu, svona eins og pabbinn geti allt í heiminum. Sama kom fram hjá Elínu þegar ég spurði hana sömu spurningar „svona smíðandi“ eins og pabbi“. Í tveimur síðustu dæmunum kemur einnig fram áhrif föður á starfshugmyndir barna sinna. Eins og áður hefur komið fram, komu einnig fram ómennsk/fantasíu hlutverk hjá Nökkva þegar hann var spurður hvað hann ætlaði að verða þegar hann yrði stór, en þá ætlaði hann að vera pera.

Skortur á skilningi

Það sem einkenndi yngri hópinn sem ég hitti eftir áramót sem þá var fjögurra til fimm ára, var skortur á skilningi sem kom fram þegar þau sögðust ekki vera búin að ákveða hvað þau ætla að verða þegar þau verða stór en það var mjög algengt hjá báðum kynjum. Börnin í Byggðarhvammi sýndu með hegðun sinni, látbragi og svörum að þau skildu ekki hvað ég átti við þegar ég spurði þau hvað þau ætluðu sér að verða þegar þau yrðu stór. Þrátt fyrir að ég reyndi að útskýra spurninguna fyrir þeim. Skortur á skilningi kom ekki fram í yngri hópnum sem ég hitti fyrir áramót og má velja því fyrir sér hvort tæplega hálf ár milli athugana á sama aldurshópnum geti ekki falið í sér þroskamun ásamt því að um annan hóp var að ræða. Þegar ég spurði Telmu hvort hún væri búin að ákveða hvað hún ætli að verða þegar hún yrði stór virtist hún ekki skilja spurninguna. „Ertu búin að ákveða hvað þú ætlar að vinna við“ sagði ég (til að útskýra betur spurninguna). Hún sagði „nei.“ Skortur á skilningi kom fram hjá báðum kynjum. Ég spurði Sigurð sömu spurningar. „Nei ég er ekki búinn að ákveða það,“ sagði Sigurður. „Svona hvað þú vilt vinna við?“ sagði ég, en drengurinn var ekki búinn að ákveða það.

Júlía hafði áhuga á því að verða sex ára þegar hún yrði stór, sem eru örugglega stór framtíðarplön í huga fjögurra ára barns. Hún rétti að mér 6 fingur og segir „Ég ætla að verða svona.“ Ókei“ sagði ég, en hvað ætlar þú að vinna við þegar þú verður stór?“ „Ég veit það

ekki,“ sagði Júlía og hélt áfram að æfa sig að standa á haus. Í þessum hópi kemur greinilega fram skortur á skilningi á spurningunni þó að ég hafi reynt að útskýra hana fyrir börnunum.

Það er ekki hægt að draga þá ályktun að vísbendingar séu fyrir hendi um að skortur á skilningi tengist frekar stærri þéttbýlisstað heldur en sjávarplássi. Sá munur sem kom fram á hópunum gæti einnig verið afleiðing hópa- og/eða þroskamunar á börnunum þar sem tæpt hálf ár leið á milli heimsóknna minna til yngri aldurshópanna tveggja.

4.1.3 Hegðun

Þegar ég fór í þátttökuathuganirnar með það að leiðarljósi að skoða hvaða störf kæmu fram í leik barna og hvað þau ætluðu að verða þegar þau yrði stór, var ekki hugmyndin að skoða hegðun barnanna. Þegar gögnin voru skoðuðu kom fram vísbending um hegðunarmun á kynjunum. Meiri fyrirferð á drengjunum, meiri læti og leikir sem kröfðust mikillar hreyfingar ásamt því sem þeir, frekar en stelpurnar, voru í því að skemma fyrir öðrum börnum. Stelpurnar voru í flestum tilfellum hægari, rólegri og leikir þeirra tóku minna pláss. Sem dæmi um þetta er þegar Örn og Nökkvi komu askvaðandi að Daníel þar sem hann hrærði í fötu. Örn tók fötuna af Daníel og sturtaði úr henni og Daníel varð reiður.

Í fleiri tilfellum eru stelpurnar iðnari við að þússla, klippa, kubba allt á rólegu nótnum eins og þegar Lísu dundaði sér með dýrin ein við að raða dýrum á vörubílsvall eða þegar Sigríður dundar sér við að pakka inn „afmælispakka“.

Ekki var hægt að sjá í gögnunum vísbendingar um að búseta barnanna hefði áhrif á niðurstöður.

4.2 Eldri börnin (4urra-6 ára)

Við greiningu á gögnum komu fram þemu og undir þeim flokkar hjá elstu börnunum. Innan hvers þema fyrir sig verður skoðað hvort það komi fram munur á kynjunum. Í lokin verður gerð grein fyrir því hvort fram kom munur eftir búsetu barnanna. Eftirfarandi þemu komu fram: Störf/hlutverk í leik: Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?

4.2.1 Störf/hlutverk í leik

Ímyndanir

Í leik barnanna kom greinilega fram leikur sem snerist um fantasíur, teiknimyndapersónur eða dýr. Nokkuð algengt var að börnin lékju sér í leikjum sem dýr, þá sem úlfar, kisu, ljón eða í hestaleik. Inga og Sissú komu framhjá skilrúminu sem aðskildi sófa og hurð. Inga er á hestbaki á Sissu. Sissú segir „þinn var góður, amma vildi líka fara á bak“

Það var þó áberandi algengara að drengir léku sér í þessum leikjum og var þá oft mikill hasar og læti í gangi, Þórarinn og Björgvin voru í úlfaleik (sögðu þeir sjálfir) þeir urruðu og flugust á. En urðu að hætta þegar leikskólakennari skarst í leikinn vegna hávaðans sem þeir framkölluðu. Drengir voru líka, frekar en stelpurnar, í ævintýraleikjum sem snerust um ofurkrafta. Það kom til dæmis vel fram þegar Sævar sagði við Þorsteinn: „Við vorum dánir, ég var ekki með vængi, heldur krafta,“ sagði hann og ýtti á Þorstein. Drengirnir virtust lifa sig meira inni í ævintýrin sem kom vel fram þar sem Ben Ten var mjög vinsæll hjá strákunum en Ben Ten er ofurhetja. Einnig komu fram hjá drengjunum leikir þar sem Pókemon, Súperman eða sjóræningjar léku aðalhlutverkið. Hjá stelpunum kom áberandi minna í þessum flokki en þar komu þó fram Solla stirða, Batmanstelpa og Súpermanstelpa. Leikir stelpnanna snérust frekar um að hjálpa öðrum heldur en að framkalla hasar og læti, með ofbeldi sem var algengara hjá strákunum. Þetta kom vel fram hjá Ásu sem sagðist vera Súpermanstelpa og

stökk fram með aðra höndina á lofti. Inga sagðist vera Batnmanstelpa og sagði. „Hann Pókemon þarfnast okkar,“ og svo stukku þær til Þorsteins sem er í Pókemonfötunum.

Vert að velta því upp að stelpurnar hafa færri ofurhetjur til þess að samsama sig við (aðeins kom fram Solla stirða). Þær bregðast við því með því að kvengera Batman og Súperman.

Matreiðsla

Algengt var að börnin í þessum aldurshópi léku sér að matreiðslu. Í þessum flokki var jafnast á með kynjunum. Börnin virtust sækja í það að „elda“. Það sem helst var ólíkt með kynjunum í eldamenskunni var að stelpurnar virtust frekar herma eftir raunveruleikanum, á meðan drengirnir settu smá ævintýrablæ á leikinn. Þegar ég heimsótti börnin á Seljalandi í fyrsta skiptið voru flest voru börnin í eldhúskróki. Ljósærð stelpa í rauðri og hvítri peysu sagðist heita Ása, hún færði mér plast maís á rauðum plastdiski og bauð mér að gjöra svo vel. Nanna kemur hlaupandi með plastkassa fullan af gervi ávöxtum og kallar „matur, matur, þú mátt fá gulrót hver vill fá mat“. Nanna og Ása stóðu við borðið og bjuggu til samlokur úr gervi dótinu. Stelpurnar hræra í pottum og elda mat. Einn drengur sem kynnti sig sem Sævar gekk um með plast brauðsneið á diskum og sagðist vera að svæfa brauðið, honum fannst það mjög fyndið. Sama á sér stað þegar Þorsteinn sat á sófanum og baulaði í pott, hann tók upp úr kistu, mat úr plasti upp úr plastkassanum og taldi upphátt, ostur... súkkulaði. Þorsteini þóttist bíta í salathaus og sagði „þetta er ekkert sterkt“. Hann sat lengi við borðið og þóttist bíta í ávexti. Matreiðsla kom fram hjá stúlkunum bæði í mömmuleik sem snerist um dúkkur, mömmuleik þar sem þær léku sjálfar öll hlutverkin og í barbíleik þar sem barbí-dúkkur léku öll hlutverkin. Það var eftirtektarvert hvað þær lifðu sig inn í leikinn með því að breyta röddinni. Ragnheiður og Sigprúður leika í dúkkuhúsinu: „Elskan ég er byrjuð að elda. Það er brauð með spældu eggi. Flýttu þér nú“ segir Barbí við Ken. „Komdu maturinn er að verða tilbúinn.“ Sigprúður segir: „Minn var að hvíla sig fyrir matinn.“

Umönnunarstörf

Þegar þessi flokkur var skoðaður hjá elsta hópnum kom vel fram meiri áhugi stúlkanna. Stúlkurnar virtust frekar setja sig í spor uppallenda heldur en strákararnir, alla vega sóttu þær frekar í að leika sér með dúkkur eða setja uppeldi og umönnun á svið. Á Seljalandi voru til dæmis Ása og Nanna að leika sér með dúkkur, þær sýndu dúkkunum mikla umhyggju og breyttu röddinni þegar þær töluðu til dúkkunnar í fanginu á Ásu: „Komdu með barnið,“ sagði Nanna, og tók dúkkuna af henni og sagði: „Nennir þú að passa barnið?“ Umönnun stúlkanna kom líka fram þegar þær léku aðalhlutverkin sjálfar og engar dúkkur voru með í leiknum. Á Seljalandi sat Ragnheiður í sófanum við borðið og talaði við eina stelpuna og sagði „Mamma, stóra systir vill alltaf borða þetta,“ og rétti plast mat að vinkonu sinni. Stúlkurnar virtust líka velta fyrir sér barneignum í sínum mömmuleikjum sem kom fram þegar Ása segir við Nönnu: „Minn var í pössun hjá þér, minn var í maganum þínum.“ Þær ígrunduðu oft vel hvernig leikurinn skyldi skipulagður eins og til dæmis hvort þær ættu að eiga barn eða ekki í leiknum. Drengirnir voru sjaldnast með í mömmuleik og gerðist það varla. Það kom þó fyrir að drengur vildi fá að vera með. Til dæmis þegar Daníel vildi fara í lautarferðina sem var leikur með stelpunum sem ákváðu að fara í mömmó. Saman fara þau í lautaferð og er þar hlutverk mömmunnar í hávegum haft þar sem varla er ákvörðun tekin án þess að mamman sé spurð leyfis eða álits.

Raunsæ störf með og án starfsheitis

Hjá elsta barnahópnum komu fram fleiri störf í leik þeirra en hjá yngri árganginum, bæði voru þau með starfsheitum og án starfsheita en þekkingin á því sem fólst í starfinu virtist vera til staðar. Talsverður kynjamunur kom fram í því hvaða störf kæmu fram í leik barnanna. Störf sem komu fram í leik barnanna sjást í töflu 3. Einnig kemur þar fram fjöldi skipta sem þessi störf komu fram. Í töflunni er þeim störfum sem komu fram í leik barnanna skipt eftir því hversu oft þau komu fram. Umönnunarstörf voru númer eitt hjá stelpum og matreiðsla númer

tvö en matreiðsla var númer eitt hjá strákunum. Það sést einnig í töflunni að fleiri störf komu fram hjá stúlkum en drengjum þrátt fyrir nokkuð jafnt kynjahlutfall. Það hefur einnig komið fram að ímyndunarleikir voru algengari hjá drengjunum.

Stúlkur	Fjöldi skipta	Drengir	Fjöldi skipta
Umönnun	9	Matreiðsla	9
Matreiðsla	8	Umönnun	1
Afgreiðsla	2	Læknir	1
Sölu kona	2	Bílstjóri	1
Baka kökur	1	Slökkviliðsmaður	1
Sjúkrakona	1	Flugmaður	1
		Afgreiðsla	1

Tafla 2. Tíðni starfa sem komu fram í leik eldri barnanna

Hjá elstu börnunum kom fram þekking á störfum þó svo að starfsheitið kæmi ekki fram. Það kom til dæmis fram þegar Almar keyrði kubbabíl dálítið glannalega og lenti í árekstri, þá sagði hann: „ Nú brotna fæturnir og minn þurfti að fara í aðgerð.“ Þar kom fram ákveðin þekking á læknastarfinu. Börnin sökkту sér í leikinn og í sama leik kom fram hjá Emilíu ákveðin þekking á hjúkrunarstarfinu þegar hún sagði: „ Og svo kom sjúkrakonan...“ þar sem greinilega hafði átt sér stað slys og hún var fyrst á vettvang sem hjúkrunarkona.

Það kom síður fram kynjamunur á raunsæjum störfum í leik barnanna heldur en í þeim störfum sem þau ætluðu sér aðspurð að gegna þegar þau yrðu stór. Minna var um óraunsæja leiki hjá stelpunum heldur en strákum í eldri hópnum þá helst ef þær léku sér í dýraleikjum

eins og ljónaleik eða kisuleik. Strákarnir á sama aldri léku sér einnig í dýraleikjum en ýmiskonar teiknimynda hetjur eins og Súperman, Ben Ten og Pókemon virtust frekar eiga upp á pallborðið hjá þeim.

4.2.2 Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?

Þegar eldri börnin voru spurð þessarar spurningar kom greinilega fram að þau eru að þróast í áttina að raunsæjum starfshugmyndum. Það er áhugavert að umönnunar- og matreiðslustörf voru aldrei nefnd þegar börnin voru spurð um hvað þau ætluðu sér að verða þegar þau yrðu stór en gegndi stóru hlutverki í leik þeirra.

Ímyndanir

Ímyndanir eða fantasíur komu fram hjá elstu drengjunum en ekki hjá stúlkunum þegar elstu börnin voru spurð að því hvað þau ætluðu sér að verða þegar þau yrðu stór. Ég færi mig nær Almar sem er önnum kafinn við að kubba. Ég spurði hann (eða í raun kalla til hans) „Almar ert þú búinn að ákveða hvað þú ætlar að verða þegar þú ert orðin stór?“ „Já“ sagði (kallar) Almar, „ég ætla að verða kóngur.“ „Já“ sagði ég. „hvað gera kóngar?“ „Þeir ráða eins og Lubbi kóngur í Ísöldinni, ég kann meira að segja sönginn,“ sagði Almar og syngur hástöfum: „Ég fíla dilla, dilla.“ Friðbert var sama sinnis þegar ég spurði hann út í hvað hann ætlaði að verða þegar hann yrði stór. Ég spurði hann þar sem hann stóð í stofunni hans Kjartans (sem hann var búinn að kubba með einingarkubbum). Friðbert sagði: „Já, ég ætla að verða geimvera.“ „Hvað gera geimverur?“ sagði ég „Þær búa út í geimnum.“ Síðan er hann stökkinn í burtu.

Stundum ræddu börnin það saman þegar ég spurði þau út í hvað þau ætluðu að verða þegar þau yrðu stór. Á Seljalandi spurði ég Þórarinn spurningarinnar en Sævar og Þorsteinn sögðu báðir í einu: „Hann ætlar ekki að verða neitt.“ Þórarinn segir: „Ég ætla að verða ljón.“ „Já,“

segja hinir strákar: „Hann ætlar að verða eitthvað dýr eða dreki.“ Þorsteinn samsinnir því og segir: „Drekar eiga alltaf afmæli“.

Raunsæ störf með starfsheiti

Í töflu 4 má sjá hvaða raunsæ störf elstu börnin gáfu upp þegar þau voru spurð hvað þau ætluðu sér að verða þegar þau yrðu stór. Ekki er um mörg störf að ræða þar sem þátttakendur voru 6 stúlkur og 8 drengir. 5 stúlkur gátu svarað spurningunni en ein stúlka var af erlendu bergi brotin og gat hún ekki svarað spurningunni. Sumir drengirnir hins vegar gáfu upp fleiri en eitt starf sem heilluðu sem framtíðarstörf.

Stúlkur	Fjöldi skipta	Drengir	Fjöldi skipta
Hársnyrtir	2	Leikari	1
Hestakona	1	Kranamaður	1
Leikskólakennari	1	Slökkviliðsmaður	1
Snyrtikona	1	Sýslumaður	1
		Lögga	1
		Skólastjóri	1
		Afgreiða pylsur	1
		Sjúkraflutningamaður	1

Tafla 4. Störf sem börnin gáfu þegar þau voru spurð hvað þau ætla að verða þegar þau verða stór

Þegar taflan er skoðuð kemur berlega í ljós að þegar börnin eru spurð að því hvað þau ætli sér að verða þegar þau eru orðin stór hafa þau raunsæjar hugmyndir um störf. Það sem kemur líka fram að þegar börnin eru komin með raunsæjar hugmyndir um störf eru störfin einnig orðin

hefðbundin fyrir kynin. Þessi störf eru með vissri þekkingu á bak við þannig að ljóst er að börnin vita að einhverju leyti um hvað þau snúast. Ég spurði Kjartan nánar út í skólastjórastarfið: „Þekkir þú einhvern skólastjóra?“ spurði ég. „Já, hann pabbi minn er skólastjóri.“ „Jaáá,“ sagði ég. „Veistu hvað skólastjórar gera?“ „Þeir skamma,“ sagði Kjartan. „en ekki pabbi minn, hann skammar ekki, hann er aðstoðarskólastjóri.“ „Og hvað gerir pabbi þinn í vinnunni?“ spurði ég Kjartan. „Ég veit það ekki, hann er bara í tölvunni, en hann skammar ekki, bara hinn skólastjórinn.“ Emilía hafði líka ákveðnar hugmyndir um framtíðarstarf, eins og kom fram í samtali mínu við hana á leikskólanum Sunnuhlíð. Ég ákvað að spyrja hana hvað henni langaði til að vinna við þegar hún yrði stór. „Ég ætla að verða hestakona og selja pulsar,“ sagði Emilía. „Já en spennandi,“ sagði ég. „Þekkir þú einhvern sem er hestakona?“ „Já mamma,“ sagði hún. Ég spurði Emilíu hvernig maður væri hestakona. Emilía stekkur út á gólf og heldur annarri hendinni út og snýr sér í hringi. „Þá er maður svona að semja,“ sagði hún. „Semja,“ sagði ég. „Nei, semja“ sagði hún.“ Fyrst er hesturinn lítill og þá þarf maður að semja hann þangað til það er hægt að fara á hestbak. „Já, temja“ sagði ég. „Já“ sagði Emilía. Þarna kom greinilega fram þekking á tamningum. Ása á Seljalandi var líka með það alveg á hreinu hvað hún ætlaði að verða þegar hún yrði stór og svaraði strax þegar hún var spurð. „Ég ætla að vera svona hársnyrtir,“ og strauk á sér hárið og hrærði í því. Látbragð hennar benti til þess að hún hafi haft ákveðnar hugmyndir um í hverju starfið væri fólgið.

Það kom aðeins einu sinni fram hjá elstu börnunum að þau vissu ekki starfsheitið þó að starfið væri raunsætt. Lára sagði til dæmis þegar ég spurði hana hvort hún væri búin að ákveða hvað hún ætlaði að verða þegar hún yrði stór. „Já“ segir Lára og strýkur á sér hárið. „Svona hár, æj, nei ég veit það ekki.“ Ég spurði hana hvort hana langi til þess að vinna með hár og hún sagði já. „Það heitir hársnyrtir,“ sagði ég við hana. „Já einmitt, mig langar það.“

Umönnunarstörf og matreiðsla kom aldrei fram þegar börnin voru spurð um hvað þau ætluðu sér að verða þegar þau yrðu stór.

4.2.3. Hegðun

Eins og kom fram í kaflanum um yngri börnin sem tóku þátt í rannsókninni, þá var ekki lagt upp með þá hugmynd að skoða sérstaklega hegðun barnanna. Hegðunin kom hins vegar svo sterkt fram í vinnslu á gögnum að hún er tekin fyrir hér. Það kom fram mikill munur á hegðun drengja og stúlkna í elsta aldurshópnum. Eins og þeim yngri. Stúlkurnar tóku yfirleitt minna pláss og voru frekar að dunda sér við að raða kubbum, pússla eða vinna eitthvað annað með höndunum. Emilía vildi leika við strákana en þeir vildu ekki leyfa henni að vera með. Klara kallaði á hana og bað hana að koma til sín. Emilía gerir það og þær setjast niður með frauðhring sem þær fundu úti og stinga í hann sölnuðum laufblöðum og greinum. Lára náði sér í einingarkubba og fór með þá út í horn og raðaði þeim upp á miðstöðvarofn og í kringum sig. Sigurlína tók ekki mikið pláss þegar hún tók tré mannfólk og tré dýr og setti markvisst, snyrtilega í kubbabygginguna sína. Drengirnir þurftu miklu meira pláss og talsvert meiri fyrirferð var á þeim í leik. Ofbeldi og vopnaburður var mjög algengt að sjá í leik þeirra og stundum til þess eins að vekja athygli á sér. Það kom fram á Seljalandi þegar Þórarinn hélt á plasthníf og þóttist ætla að stinga Sævar í magann. „Sjáið þið hvað ég er að gera“ sagði hann og leit svo í kringum sig. Drengirnir bjuggu oft til leiki þar sem slagsmál og hamangangur léku stór hlutverk. Það kom skýrt fram þegar drengirnir í Sunnuhlíð léku sér úti. Þeir fundu sér spýtu sem þeir létu ganga yfir hluta af holunni og fóru að slást. Þeir hlupu til skiptis upp spýtuna og reyndu að henda hvor öðrum útaf. Leikurinn hjá drengjunum byrjaði oft í rólegheitum og endaði svo með háum hveli. Í Sunnuhlíð sat ég hjá Almari og Kjartani. Ég spurði þá hvort ég mætti fylgjast með þeim leika sér og þeir leyfðu mér það. Þeir byggðu háan turn og slóu hann jafnharðan niður með tilheyrandi látum og glymjanda á trégólfinu. Friðbert hoppaði til þeirra og þeir þrír hlupu hring eftir hring í kringum turninn gólandi og syngjandi.

Drengirnir höfðu greinilega mikla hreyfiþörf og var stundum erfitt að fylgjast með hraðri atburðarásinni. Það kom skýrt fram í vettvangsnótum „Strákarnir byrja að hlaupa hringinn í kringum stofuna uppá borðum, og hoppuðu niður af þeim á gólfið. Svona fóru þeir hring eftir hring og sumir undir borðin“.... „Kjartan og Almar eru komnir undir tölvuborð og byrja að kubba fyrir þannig að það er eins og þeir séu í helli. Þeir byrja að selja pulsir og þykjast borða kubbana. Kubbarnir breytast skyndilega í byssur. Á meðan þessu stendur eru Friðbert og Hallgrímur að skylmast með stærstu kubbana með tilheyrandi hrópum og köllum. Sverðin breytast svo í riffla sem er skotið af.“ Það kom vissulega fyrir að drengirnir dunduðu sér en yfirleitt var það ekki lengi í einu. Almar var þó mjög upptekinn við að búa til litlar kúlur úr leirnum. Leirinn var ljós á litinn og Almar dundaði sér við að búa til misstórar kúlur sem hann setti svo í járnþós „ég er að búa til kartöflur“ sagði Almar.

Ekki kom fram munur eftir umhverfi barnanna.

5. Umræða

Hér verða dregnar upp helstu niðurstöður rannsóknarinnar og þær tengdar fræðilegri umræðu.

Í rannsókninni var stefnt að því að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

Hvaða störf koma fram í leik barna í tveimur elstu árgöngum í leiksskólunum sem tóku þátt í rannsókninni?

Hvað segjast þessi leikskólabörn ætla að starfa þegar þau verða stór?

Kemur fram þroskamunur á milli yngri og eldri leikskólabarna í hugmyndum þeirra um framtíðarstörf?

Undirspurningar:

Er kynjamunur á því hvaða störf koma fram í leik þeirra?

Er kynjamunur á því við hvaða störf þau segjast ætla að starfa við þegar þau verða stór?

Endurspeglast umhverfi barnanna í störfum sem koma fram í leik þeirra?

Endurspeglast umhverfi barnanna í þeim störfum sem þau ætla sér, aðspurð, að gegna þegar þau verða stór?

Þátttakendur voru 26 börn á aldrinum 3ja-6 ára í 4 leikskólum. Þegar börnin voru spurð að því hvað þau ætluðu að verða þegar þau yrðu stór komu fram vísbendingar um ákveðið þróunarferli. Þróunarferlið frá 3ja ára til 5 ára er samkvæmt því í réttri röð frá 3ja ára aldri. Töfrahugsun, ímyndanir, raunsæ störf án starfsheitis, skortur á skilningi og raunsæ störf með starfsheiti. Þetta ferli samsamar sig 1. stigi í kenningu Gottfredson (1981).

Fyrsta rannsóknarspurning: Hvaða störf koma fram í leik barna í tveimur elstu árgöngum í leikskólunum sem tóku þátt í rannsókninni?

Þegar fylgst var með börnunum að leik og gögnin höfðu verið greind í þemu komu ákveðin atriði ítrekað fram og voru sett í eftirfarandi flokka: Ímyndanir, sem snérist um leiki þar sem börnin léku teiknimyndapersónur eða dýr, matreiðsla, en þar léku börnin sér að eldamennsku með því að hræra í pottum og bjóða mat. Umönnunarstörf, þar sem börnin léku sér að dúkkum og hugsuðu um þær eins og þær væru börn, raunsæ störf með og án starfsheitis, en þá komu fram störf sem gætu talist raunsæ á vinnumarkaði en misjafnt var hvort börnin vissu starfsheitið þó að vísbendingar kæmu fram um að þau vissu um hvað starfið snérist.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að ímyndanir/töfrahugsun komi sterkt fram í leik barna á tveimur síðustu árum í leikskóla. Hjá eldri börnunum kom greinilega fram leikur sem snerist um ímyndanir, teiknimyndapersónur eða dýr. Nokkuð algengt var að elstu börnin léku sér í leikjum sem dýr, þá sem úlfar, kisur, ljón eða í hestaleik. Það var þó áberandi í eldri barnahópnum að drengir léku frekar en stúlkur í þessum leikjum og sóttu sérstaklega í ímyndunarleiki sem snérist um ofurkrafta. Þetta er í samræmi við niðurstöður Gottfredson (1981) en samkvæmt þeim þá gera börnin sér grein fyrir valdi á undan kynjuðum starfshugmyndum. Þessar niðurstöður samræmast einnig niðurstöðum Helwig (2001) um að drengir hafi frekar fantasíuvæntingar til starfa. Kynjamunurinn var sjáanlegur hjá yngri börnunum hvað varðar fantasíuleikinn en þeirra fantasíuleikir einkenndust af ævintýraljóma þar sem stúlkurnar léku prinsessur, ballerínur og drengir boxara. Ýmsir fræðimenn hafa kynnt fantasíuhugsun sem fyrsta stigið í starfsþróun barna (Ginzberg, Ginsburg, Axelrad og Herma, 1951 sjá í Herr, Cramer og Niles, 2004, Gottfredson, 1981) og rannsóknarniðurstöður hafa bent til þess að svo sé (Vondracek og Kirchner, 1974). Niðurstöður þessarar rannsóknar styðja þetta.

Hjá báðum aldurshópum sóttu stúlkur og drengir nokkuð jafnt í að leika sér í matreiðslu og settu sig vel í hlutverkin. Í þessum flokki var jafnast á með kynjunum. Ein skýringin á því gæti verið sú að heimilisstörfin eru nærtækari börnum heldur en störf á vinnumarkaði og raunverulegri fyrir þeim samanber niðurstöður í þróunarverkefni með 8-9 ára börnum (Guðný Guðbjörnsdóttir, 1994).

Yngri stúlkurnar sóttu frekar í umönnunarstörf en strákar á sama aldri. Þær léku sér frekar með dúkkur í mömmuleik og var umhugað um að vel færi um dúkkurnar, hvort sem það væri í rúmi eða vöggju. Það sama kom fram hjá elstu stúlkunum en þegar þetta þema var skoðað hjá elsta hópnum kom vel fram meiri áhugi stúlkanna. Stúlkurnar virtust frekar setja sig í spor uppalenda heldur en strákar, alla vega sækja þær frekar í að leika sér með dúkkur eða setja uppeldi og umönnun á svið. En það samræmist hugmyndum Snowman og Biehler, (2003) um að stúlkur velji sér frekar en drengir að leika með dúkkur.

Aðeins einu sinni kom fram raunsætt starf, starf sem er til í raunveruleikanum, í leik yngri barnanna, hársnyrtistarfið, en þá tóku öll börnin í hópnum þátt. Hjá elsta barnahópnum komu fram fleiri raunsæ störf í leik þeirra en hjá yngri árganginum, bæði voru þau með starfsheitum og án starfsheita en þekkingin á því sem fólst í starfinu virtist vera til staðar. Talsverður kynjamunur kom fram í því hvaða störf kæmu fram í leik barnanna og virtust þau vera hefðbundin fyrir kynin. Fleiri störf komu fram hjá stúlkum en drengjum þrátt fyrir nokkuð jafnt kynjahlutfall. Það samræmist hugmyndum Vondracek og Kirchner (1974) um að stúlkur séu yngri en drengir þegar þær öðlast ákveðnar hugmyndir um störf.

Önnur rannsóknarspurning: Hvað segjast þessi leikskólabörn ætla að starfa þegar þau verða stór?

Þegar gögnin voru greind komu fram eftirfarandi þemu sem svar við þessari spurningu en þau eru: töfrahugsanir og ímyndanir, raunsæ störf án starfsheita, skortur á skilningi og raunsæ störf með starfsheiti.

Í rannsókninni komu fram vísbendingar um störf/hlutverk sem hægt er að flokka sem töfrahugsun og ímyndana. Til töfrahugsunar teljast ómennskir hlutir (klettur, róla,) en til ímyndana teljast teiknimyndafígúrir, dýr eða hetjur. Töfrahugsunin kom aldrei fram í leik barnanna heldur aðeins þegar þau voru spurð hvað þau ætluðu að verða þegar þau yrðu stór og þá aðeins hjá yngri börnunum. En fantasíur komu fram hjá báðum aldurshópum þegar þau voru spurð hvað þau ætluðu að verða þegar þau yrðu stór. Þetta samræmist rannsóknarniðurstöðum Vondracek og Kirchner (1974) og kenningu Gottfredson (1981). Samkvæmt rannsókn sem Vondracek og Kirchner (1974) gerðu með ungum börnum, kom fram að helmingurinn af 3ja-4urra ára börnunum var á fyrra stigi töfrahugsunar þar sem börnin gerðu ekki greinamun á persónum og hlutum og yfir 1/3 af hópnum sagði frá fantasíu hugmyndum sínum um að verða kanína eða prinsessa. Í niðurstöðum rannsóknarinnar sem þessi ritgerð byggir á kemur skýrt fram þegar börn gera ekki greinamun á persónum eða hlutum. Daníel hafði mjög ákveðnar skoðanir á því að hann ætlaði að verða pollur þegar hann yrði stór. Það var hægt að merkja á tjáningu drengsins og svipbrigðum hans að honum fannst það jafn sjálfsagt og fullorðnu fólki finnst það fráleitt. Daníel svaraði mér þó ekki er ég spurði hann nánar út í hvað hann héldi að pollar gerðu, heldur hélt áfram að leika sér. Þegar farið var af stað í þátttökuathuganirnar var þetta sá þáttur sem kom rannsakanda einna mest á óvart og vakti upp hugsanir um hversu langur vegur það er frá því að vera lítið barn sem telur sig geta allt og gerir ekki greinamun á persónum og hlutum að því að móta sér hugsun um

raunverulegt starf. Samkvæmt Vondracek og Kirchner (1974) Þá höfðu flest 4-5 ára börn komist yfir töfrahugsunarháttinn og tjáðu hugmyndir sínar um hlutverk fullorðinna eins og að verða læknir eða þrífa húsið. Við 5 ára aldurinn höfðu flest börn þróast frá töfrahugsuninni að raunsæjum störfum fullorðinna og gátu sett sig í raunsæ fullorðins störf. Fullorðinsárin höfðu þó ennþá takmarkaða þýðingu.

Ímyndanir komu fram hjá elstu drengjunum en ekkert hjá stúlkunum þegar elstu börnin voru spurð að því hvað þau ætluðu sér að verða þegar þau yrðu stór. Þetta samræmist hugmyndum Helwig (1991) um að drengir dvelji lengur en stúlkur við ímyndanir í hugsun um störf. Þetta er merkileg niðurstaða sé til þess litið að drengir hafa meiri þekkingu á störfum heldur en stúlkur (McMahon & Patton, 1997 sjá í Hartung o.fl., 2005) og er vert að velta því fyrir sér hvað gefi þeim þetta forskot og hvort dvöl þeirra í ímyndana heiminum hafi einhver áhrif á það. Stúlkur frekar en drengir trúa því að þær geti ekki sinnt ákveðnu starfi því það sé óviðeigandi fyrir þeirra kyn (Hartung o.fl., 2005, Gottfredson, 2005). Gæti það haft áhrif á hugmyndir stúlkna um störf ef þær væru markvisst hvattar til þess að leika sér í ímyndunarleikjum? Eða hafa stúlkur færri hetjur til þess að samsama sig við en drengir þegar kemur að teiknamyndapersónum og bregðast við með því að kvengera Batman og Súperman? Það kemur einnig fram hjá Hartung o.fl., (2005) að drengir líta á tækifæri í starfaheiminum sem ótæmandi á meðan stúlkum finnst þær hafa færri tækifæri. Þegar gögnin um yngri börnin voru skoðuð kom í nokkrum tilfellum fram raunsæjar starfshugmyndir og komu ekki fram kynjamunur þar á. Raunsæju starfahugmyndirnar voru þó með þeim annmörkum að starfsheitið var ekki ljóst og hugmyndin um verkefnið í störfum virtust koma á undan. Elstu börnin virtust alltaf vita starfsheitið á þeim störfum sem þau nefndu.


Það sem einkenndi yngri hópin sem ég hitti eftir áramót sem þá var 4urra-5 ára, var ákveðinn skortur á skilningi þegar þau segjast ekki vera búin að ákveða hvað þau ætla að

verða þegar þau verða stór en það var mjög algengt hjá báðum kynjum. Í kenningu Gottfredson (1981) kemur fram að þrátt fyrir að börnin átti sig á því um 5 ára aldurinn að störf tengjast fullorðnum og þau geta sett sig inn í framtíðar hlutverk fullorðinna. Þá hafa fullorðinsárin enn takmarkaða merkingu fyrir þau. Um 4urra-5 ára aldurinn taka börnin mið af stærðarmuni á þeim sjálfum og fullorðnum og á milli konu og karls. Vegna þess hversu hlutbundin þau eru í hugsun skilgreina þau vald með stærð. Börnin gera ekki greinamun á aldri og stærð og það að fullorðnast eða verða stór, eru aldurs og tímahugtök fyrir fullorðna en stærðarhugtakið er fyrir börnin. Í kenningu Gottfredson (1981) er því lýst í 1. stigi sem nefndist Afstaða til stærðar og valds, að þegar börn eru 4urra-5 ára, er aldur og stærð hugtök sem þeim eru ekki alveg ljós, að eldast eða verða stór eru aldurs og tímahugtök fyrir fullorðna. En það komu greinilega fram vísbendingar um að börnin skildu ekki spurninguna: „Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?“ Þannig er hægt að leggja fleiri en eina merkingu í það að aldur og stærð séu hugtök sem eru börnum á þessum aldri ekki alveg ljós. Börnin hugsa um störf sem hlutverk fullorðinna og skilja ekki merkingu hugtakana „stór“ eða „fullorðin“.

Þegar elstu börnin voru spurð að því hvað þau ætluðu sér að verða þegar þau eru orðin stór höfðu þau raunsæjar hugmyndir um störf. Það sem kemur líka fram að þegar börnin eru komin með raunsæjar hugmyndir um störf eru störfin einnig orðin hefðbundin fyrir kynin. Þessi störf eru með vissri þekkingu á bak við þannig að ljóst er að börnin vita að einhverju leyti um hvað þau snúast. Sömu niðurstöður komu fram hjá Vondracek og Kirchner (1974) en í þeirra rannsókn kom fram að flest 4urra-5 ára börn höfðu komist yfir töfrahugsunarháttinn og tjáðu hugmyndir sínar um hlutverk fullorðinna eins og að verða læknir eða þrifa húsið. Við 5 ára aldurinn höfðu flest börn þróast frá töfrahugsuninni að raunsæjum störfum fullorðinna og gátu sett sig í raunsæ fullorðins störf (Vondracek og Kirchner, 1974).

Sú umræða um niðurstöður sem hér hefur farið fram um starfsþróun barna styður fyrsta stig kenningar Lindu Gottfredson, Afmörkun og málamiðlun eins og sjá má í líkani 5.2.1 sem unnið er af rannsakanda. Líkanið sýnir myndrænt þróun starfshugsunar hjá börnum á leikskólaaldri frá töfrahugsun að raunsæjum störfum. Upphaf líkansins er um 3ja ára aldurinn og nær til 5 ára aldurs. .

Frá 3ja ára til 5 ára



Mynd 4. Líkan af kenning Lindu Gottfredson, Afmörkun og málamiðlun, 1. stig: Afstaða til stærðar og valds

Eins og fram hefur komið var ekki lagt upp í þessa rannsókn með það að leiðarljósi að skoða störf sem endurspeglast í leikjum barna og spyrja þau hvað þau hefðu hug á að starfa við þegar þau yrðu stór. Önnur hegðun barnanna á meðan rannsókn stóð var óslítanleg frá starfsleikjum. Fram komu skýrar vísbendingar um kynjamun á hegðun. Drengirnir sóttu mikið í hasarleiki, sköpuðu hávaða og þurftu mikla hreyfingu, með hlaupum og hoppum. Einnig sýndu þeir talsvert meiri áhuga á bardagaleikjum og vopnaburði ásamt því að taka yfirleitt meira pláss undir sína leiki. Þessar vísbendingar samræmast Snowman og Biehler, (2003) en þeir vilja meina að drengir vilji frekar leika út, fljúgast á og haga sér á árásagjarnari (agressive) hátt en stúlkur. Einnig vilja Snowman og Biehler (2003) meina að drengir leiki frekar leiki sem krefjast mikillar líkamlegrar virkni heldur en stúlkur.

Þriðja rannsóknarspurning: Kemur fram þroskamunur á milli yngri og eldri leikskólabarna í hugmyndum þeirra um framtíðarstörf?

Þegar börnin voru spurð að því hvað þau ætluðu að verða þegar þau yrðu stór komu fram vísbendingar um ákveðið þróunarferli. Þróunarferlið frá 3ja ára til 5 ára felur í sér: Töfrahugsun, ímyndanir, raunsæ störf án starfsheitis, skort á skilningi og raunsæ störf með starfsheiti. Þetta ferli samsamar sig 1. stigi í kenningu Gottfredson (1981) og sést vel á mynd 4.

Yngri börnin tilheyra eina aldurshópnum sem sýndi töfrahugsun þar sem þeim fannst ekkert athugasvert að ætla sér að verða pollur eða pera. Vísbendingar koma fram um að þessi hugsunarháttur hverfi um fjögurra ára aldurinn og endurspeglar aðrar niðurstöður sem hafa komið fram (Vondracek og Kirchner, 1974). Í niðurstöðum rannsóknarinnar sést greinilega

þróunin í átt til raunsærra starfa og virðast þær vera samhljóma öðrum rannsóknum með það (Vondracek og Kirchner, 1974).

Næst er að athuga rannsóknarspurningarnar tvær sem athuga áhrif búsetu:

Endurspeglast umhverfi barnanna í störfum sem koma fram í leik þeirra?

Endurspeglast umhverfi barnanna í þeim störfum sem þau ætla sér að gegna þegar þau verða stór?

Eins og kom fram í inngangi ritgerðarinnar, þá hafa einstaklingar ólíkar hugmyndir um störf eftir því hvar þeir búa (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Guðrún Á. Stefánsdóttir, 2006 og Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002). Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal (2002), komust einnig að því í rannsókn sinni að ungt fólk úti á landi er tvisvar sinnum líklegra til þess að kjósa verk- og starfsnám heldur en jafnaldrar þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Með þetta að leiðarljósi var ákveðið að skoða hvort ólík störf kæmu fram í leik barnanna og hvort þau hefðu ólíkar hugmyndir um hvað þau ætluðu sér að starfa við þegar þau yrðu stór, eftir því hvort þau voru í sjávarþorpi eða stærri byggð. Það er skemmst frá því að segja að niðurstöður úr þátttökuathuguninum bentu ekki til þess en þetta væri áhugavert að skoða enn betur.

Eftir að hafa farið í gegnum starfsráðgjafarfræðin með það í huga að skoða umfjöllun um fyrstu stig starfshugsunar og eftir að hafa unnið þessa rannsókn eru mér eftirfarandi þættir enn betur ljósir:

- Börn á leikskólaaldri hafa hingað til ekki talist til skjólstaðinga náms- og starfsráðgjafa hvorki á Íslandi né í öðrum löndum.

- Það að hugmyndir barna um störf byrja greinilega að þróast á leikskólaaldri krefst þess að tekið sé tillit til þess þegar námskrá leikskóla er rituð ekki síst með tilliti til kynjaslagsíðu í náms- og starfsvali drengja og stúlkna.
- Náms- og starfsráðgjöf til barna á leikskólaaldri krefst annarrar nálgunar en sú ráðgjöf sem hingað til hefur farið fram í grunn-, framhalds- og háskólum og í öðrum stofnunum sem sinna náms- og starfsvali.
- Ólík hegðun kynjanna hlýtur að hafa áhrif á hvernig þau aðlagast grunnskólanum eða með hvaða leiðum best sé að nám fari fram hjá drengjum og stúlkum.
- Niðurstöður gefa einnig vísbendingar um að nauðsynlegt sé að skipuleggja starfsfræðslu ólíkt eftir kynjum ef hún á að skila árangri. Í þessu sambandi er ekki síst verið að hugsa um vísbendingar um mikla hreyfipörf drengja
- Nám náms- og starfsráðgjafa hefur hingað til ekki miðast við þennan aldurshóp hvað varðar inngrip sem endurspeglar fræðin í heild (sjá til dæmis Sharf, 2006 og Herr, Cramer, og Niles, 2004).
- Niðurstöður rannsóknar vekja upp spurningar í sambandi við búsetu og nám og störf og tengsl þar á milli. Hvenær byrjar búsetan að hafa áhrif? Er kannski þörf á því að kanna betur mun á höfuðborgarbúum og landsbyggðarbúum út frá sjónarhorni náms- og starfsráðgjafarfræða?
- Við vitum að heimur starfanna breytist en lítið er um þá umræðu í starfsþróunarfræðunum. Hvaða áhrif hefur síbreytilegur starfaheimur á fræðin sem um þau snúast? Það hlýtur að vera mikilvægt fyrir náms- og starfsráðgjafarfræðin að fylgjast með, stunda stöðugt öflugar rannsóknir og uppfæra kenningar og hugmyndir samkvæmt því.

- Menningarheimur barna hefur breyst hvað varðar frjálsræði og ábyrgð og vekur það upp spurningar um kenningar um starfsþróun hjá börnum sem hafa komið fram fyrir áratugum síðan í samanburði við þá bernskureynslu sem börn hafa í dag. Hvaða áhrif hefur það á eldri kenningarsmíðar í fræðunum ?
- Talsverður kynjamunur kom fram í rannsókninni, hvaða störf kæmu fram í leik barnanna og virtust þau vera hefðbundin fyrir kynin. Fleiri störf komu fram hjá drengjum en stúlkum þrátt fyrir nokkuð jafnt kynjahlutfall þátttakenda. Það styður aðrar rannsóknir sem hafa sýnt að drengir hafi meiri þekkingu á störfum. Það kom einnig fram í rannsókninni að drengir dvelja lengur við ímyndanaleiki heldur en stelpur og er spennandi að velta fyrir sér hvort þetta tengist á einhvern hátt.
- Töfrahugsun, þegar börnin nefna ómennska hluti (klettur, róla eða pera) og ímyndanir, þegar þau nefna teiknimyndafígúrus, dýr eða hetjur komu fram hjá börnunum í yngri aldurshópnum. Börn á þessum aldri telja sig greinilega geta allt og gera lítinn greinarmun á ímyndunum og raunveruleikanum. Það er áhugavert að sjá að töfrahugsun kom ekki fram í leik barnanna í rannsókninni heldur aðeins þegar þau voru spurð að því hvað þau ætluðu sér að verða þegar þau yrðu stór. Það kom aldrei fyrir að barn léki klett, poll eða önnur dauð fyrirbæri. Nú benda niðurstöður til þess að hugarflug barna á þessum aldri sé nokkuð mikið þar sem þau setja ekkert fyrir sig í framtíðarhugmyndum um störf og því áhugavert að velta því fyrir sér af hverju þau leika sér ekki í öllum þeim hlutverkum sem þau hafa áhuga á að gegna þegar þau verða stór.
- Tæpt hálf ár leið á milli þess sem ég hitti yngri aldurshópna. Hjá hópnum sem ég hitti seinna kemur fram skortur á skilningi á spurningunni: „Hvað ætlar

þú að verða þegar þú verður stór,“ þó að ég hafi reynt að útskýra hana fyrir börnunum. Þessi munur á hópunum er umhugsunarverður, en ekki hægt að draga þá ályktun að vísbendingar séu fyrir hendi um að skortur á skilningi á spurningunni tengist frekar stærri þéttbýlisstað heldur en sjávarplássi. Sá munur sem kom fram á hópunum gæti einnig verið afleiðing hópa- og/eða þroskamunar á börnunum þar sem tæpt hálf ár leið á milli heimsókna minna til yngri aldurshópanna tveggja. Þessar niðurstöður vekja mig til umhugsunar um rannsóknir með börnum yfirleitt. Börn á þessum aldri þroskast hratt. Það hlýtur þar af leiðandi að vera nauðsynlegt að gera ráð fyrir þroskamun á hópum í rannsóknum með börnum sem ná yfir lengri tíma.

- Vorið 2008 voru samþykkt á alþingi ný lög um leikskóla (Lög um leikskóla nr. 90/2008) Samkvæmt því sem fjallað hefur verið um í þessari ritgerð þá byrjar starfsþróun barna að mótast á leikskólaaldri. Því var forvitnilegt að lesa yfir leiksskólalögin með þetta í huga. Þar er ekki minnst á starfsferilþróun barna sem í raun kemur ekki mikið á óvart þar sem, samkvæmt fræðunum, þetta er þáttur sem ekki fer hátt.
- Félag náms- og starfsráðgjafa gerði umsögn um frumvarp til laga um leikskóla í byrjun árs 2008. Þar kom fram meðal annars mikilvægi þess að fjallað sé um kynbundna verkaskiptingu vinnumarkaðarins svo að hægt sé að vinna gegn staðalmyndum (Félag náms- og starfsráðgjafa, Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla, 2008) Mjög spennandi gæti verið að þróa og takast á við markvissa vinnu með börn á leikskólaaldri varðandi störf og umhverfi starfa. Ekki síst hvað varðar staðalmyndir starfa eftir kynjum eða kynningu á fjölbreytileika starfa. 23. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla styður þetta en þar kemur eftirfarandi fram í annarri málsgrein:

„Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem m.a. skal lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.“

(Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008)

- Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem þessi ritgerð byggir á þá koma fram vísbendingar um að mikið virðist eiga sér stað á síðasta ári barna í leikskóla. Á þeim aldri verða hugmyndi barna um störf raunsæ. Þá er tímabært að fara að vinna með þeim starfsfræðslu sem þau koma til með að byggja grunninn að framtíðar náms- og starfsvali.

Heimildaskrá

- Berger, A. A. (2000). *Media and communication research methods :An introduction to qualitative and quantitative approaches*, London: Sage.
- Bogdan, R. C. og Biklen. S. K. (2007). *Qualitative research for education: An introduction to theories and methods* (5. útg.) Boston: Pearson.
- Croll, P. & Moses, D. (1990). Sex roles in the primary classroom. Í Woodhead, M., Light, P. og Carr, R. (ed.), *Child development in social context 3, Growing up in a changing society* (bls. 271–291). London: Open University.
- Einar Mar Þórðarson, Heiður Hrund Jónsdóttir, Fanney Þórsdóttir, Ásdís A. Arnalds og Friðrik H. Jónsson. (2008). *Kynbundinn launamunur á íslenskum vinnumarkaði*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Emerson, R. M., Fretz, R. I. og Shaw, L. L. (1995). *Writing ethnographic fieldnotes*. Chicago & London: University of Chicago Press.
- Enns, C. Z. (2000). Gender issues in counseling. Í S. D. Brown & R. W. Lent, (ritstj.), *Handbook of counseling psychology* (bls. 601–638). New York: Wiley.
- Félag náms- og starfsráðgjafa (2008) *Umsögn um frumvarp til laga um leikskóla..*
Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009). *Skýrsla félags- og tryggingamálaráðuneytis um stöðu og þróun jafnréttismála, Jafnrétti kynja í tölum. Jafnréttisþing 2009*. Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið.
- Gans, H. J. (1982/1962). Appendix: On the methods used in this study. Í *The urban villagers: Group and class in the life of Italian-Americans*. New York: The Free Press.
- Gottfredson, L. S. (1981). Circumscription and compromise: A developmental theory and occupational aspirations. *Journal of Counseling Psychology*, 28, 545–579.
- Gottfredson, L. S. (1997). Assessing gender Based Circumscription of occupational aspirations. *Journal of Career Assessment*, 5, 419–441.
- Gottfredson, L. S. (2002). Gottfredson's theory of circumscription, compromise, and self-creation. Í D. Brown (e.d.), *Career choice and development* (4. útg., bls. 85–148). New York: Wiley. (tekið af netinu: <http://www.udel.edu/educ/gottfredson/reprints/2002CCtheory.pdf>)
- Gottfredson, L. S. (2005). Applying Gottfredson's theory of circumscription and compromise in career guidance and counseling. Í S. D. Brown og R. W. Lent (ed), *Career development and counseling, putting theory and research to work* (bls. 71 – 100). Hoboken, NJ: Wiley.
- Guðbjörg Vilhjálmisdóttir (2004). Ólík hugsun um störf eftir kynferði. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri) *Rannsóknir í félagsvísindum V. Fyrirlestrar af ráðstefnu viðskipta- og hagfræðideildar og félagsvísindadeildar* (bls.193–206). Reykjavík: Félagsvísindastofnun-Háskólaútgáfa.

Guðbjörg Vilhjálmisdóttir og Guðrún Á. Stefánsdóttir (2006). Búseta-verkmenning og virðing starfa. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri) *Rannsóknir í félagsvísindum VII. Félagsvísindadeild. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006* (bls. 79–92). Reykjavík: Félagsvísindastofnun-Háskólaútgáfa.

Guðbjörg Vilhjálmisdóttir og Guðmundur B. Arnkelsson (2005). Kynjamunur í hugrænni kortlagningu starfa. *Uppeldi og menntun, 14*, 57–70.

Guðbjörg Vilhjálmisdóttir (2008). Career guidance and habitus :the value of Bourdieu's concept of habitus in career guidance research and practice. *Career Research & Development, 19*, 4–11.

Guðný Guðbjörnsdóttir (1994) „Strákar og stelpur í takt við tímann.“ Mat á áhrifum þróunarverkefnis á viðhorf skólabarna til jafnstöðu kynjanna. *Uppeldi og menntun, 3*, 29–52.

Guðbjörg Vilhjálmisdóttir og Guðrún Birna Kjartansdóttir (2009). *Mælitæki á aðlögunarhæfni á starfsferli: Þýðing, réttmæti og áreiðanleiki*. Óbirt MA – ritgerð : Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið. Sótt 29. mars 2010 af <http://hdl.handle.net/1946/4219>

Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir (2005). *Uppeldi, kennslubók fyrir framhaldsskóla*. Reykjavík: Mál og menning.

Hagstofa Íslands. (e.d) *Vinumarkaðsrannsóknir á atvinnuþátttöku, atvinnuleysi, vinnutíma og fjöldi starfandi eftir ársfjórðungum 2003- 2008*. Sótt á netinu 30. nóvember 2008 <http://www.hagstofa.is>

Hartung, P. J., Porfeli, E. J. og Vondracek, F. W. (2005). Child vocational development: A review and reconsideration. *Journal of Vocational Behaviour, 66*, 385–419.

Hartung, P. J., Porfeli, E. J. og Vondracek, F. W. (2008). Career adaptability in childhood. *The Career Development Quarterly, 57*, 63–57.

Helga Magnea Steinsson (2001). *Hvað ætla þau að verða? Áhrif tækifæra og tilviljana á starfsþroska ungs fólks*. Reykjavík.

Helwig, A. A. (2001). A test of Gottfredson's theory using a ten- year longitudinal study. *Journal of Career Development, 28*, 77–97.

Helwig, A. A. (2008). From Childhood til Adulthood: A 15-Year Longitudinal Career Development Study. *The Career Development Quarterly, 57*, 38–50.

Herr, E. L., Cramer, S. H. og Niles, S. G. (2004) *Career guidance and counseling through the life span*. Boston, Person.

Hitchcock, G. og Huges, D. (2001). *Research and the teacher a qualitative introduction to school-based research*. London: Routledge.

Johanna Einarsdóttir. (2007). Research with children: Methodological and ethical challenges. *European Early Childhood Education Research Journal, 15* (2), 197–212.

Jóhanna Einarsdóttir. (2008). Megum við ráða þegar við erum búin með bækurnar: Reynsla barna í 1. bekk grunnskóla. *Uppeldi og menntun*, 17(2), 9–30.

Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). *Ungt fólk og framhaldsskólinn: rannsókn á námsgengi og afstöðu '75 árgangsins til náms*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

McMahon, M. og Watson, M. (2008). Children's career development: status quo and future directions. *The Career Development Quarterly*, 57, 4–6.

McMahon, M., og Patton, W. (1997). Gender differences in children and adolescents' perceptions of influences on their career development. *The school Counselor*, 44, 368–376.

Porfeli, E. J., Hartung, P. J. og Vondracek, F. W. (2008). Children's vocational development: a research rationale. *The Career Development Quarterly*, 57, 25–37.

Savickas, M. (2005). The theory and practice of career construction. Í S. D. Brown og R. W. Lent (ritstjórar), *Career development and counseling, putting theory and research to work* (bls 42 – 70). Hoboken, NJ: Wiley.

Savickas, M. L. (2001). Towards a comprehensive theory of career development: Dispositions, concerns and narratives. Í Leong, F. T. L. Og Barak, A. (Ritstj.), *Contemporary models in vocational psychology. A volum ein honour of Samuel H. Osipov* (bls. 295–320) Mahawah, NJ: Lawrence Erlbaum.

Schultheiss, D. E. P. (2008). Current status and future agenda for the theory, research and practice of childhood career development. *The Career Development Quarterly*, 57, 7–24.

Schultheiss, D. E. P., Palma, T. V. og Manzi, A. J. (2005). Career development in middle childhood: A Qualitative Inquiry. *The Career Development Quarterly*, 53, 246–262.

Sharf, R. S. (2006) *Applying career development theory to counseling*. Canada: Thomson.

Silverman, D. (2000). *Doing qualitative reseach: A practival handbook*, London, Sage.

Silverman, D. (2005). *Doing qualitative research*. London: Sage.

Snowman, J., og Biehler, R. (2003). *Psychology applied to teaching*. New York: Houghton Mifflin Company.

Spokane, A. R. og Cruza- Cruet, M. C. (2005). Holland's theory of vocational personalities in work environments. Í S. D. Brown og R. W. Lent (ritstjórar), *Career development and counseling, putting theory and research to work* (bls. 24 – 41). Hoboken, NJ: Wiley.

Taylor, S. J., og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods*. New York: John Wiley & sons, Inc.

Tracey, T. J. G. (2005). Stability of interest across ethnicity and gender: A longitudinal examination of grades 8 through 12. *Journal of Vocational behaviour*, 67, 335–364.

Vondracek, S. I. og Kirchner, E. P. (1974). Vocational development in early childhood: an examination of young children's expression of vocational aspirations. *Journal of Vocational Behaviour*, 5, 251–260.

Watson, M. og McMahon, M. (2005). Children's career development: A research review from learning perspective. *Journal of Vocational Behaviour*, 67, 119-132.

Viðaukar

Viðauki 1 Tilkygning um vinnslu persónuupplýsinga

Tilkygning um vinnslu Númer
persónuupplýsinga S4477

Er um að ræða nýja tilkygningu eða Ný tilkygning
breytingu á eldri tilkygningu?

Eldra tilkygninganúmer sé um
breytta tilkygningu að ræða:

Nafn Agnes Ósk Snorradóttir

Nafn forsvarsmanns (s.s. forstjóra)
ef ábyrgðaraðili er
fyrirtæki/stofnun:

Nafn þess sem fyllir tilkygninguna út: Agnes Ósk Snorradóttir

Heimilisfang: Lyngheiði 17

Póstnúmer: 800

Staður: Selfoss

Símanúmer tengiliðs: 8618088

Titill verkefnis(ss. nafn á skrá eða heiti rannsóknar) Hvernig koma störf fram í leikjum 3 og 5 ára barna?

Tilgangur vinnslunnar? Félagsvísindaleg rannsókn sem framkvæmd er í tengslum við meistaranám í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands

Hvaða upplýsingar verður unnið með? Hér er um eigindlega rannsókn að ræða sem ber heitið- Hvernig koma störf fram í leikjum 3 og 5 ára barna. Rannsóknin er hluti af meistaranámi við háskóla Íslands. Upplýsingum verður aflað með opnum viðtölum og þátttökuathugunum. Ekki er safnað eða unnið með staðla eða tölulegar upplýsingar heldur lýsandi gögn. Gert er ráð fyrir að rannsókn verði lokið 2010Hér er um eigindlega rannsókn að ræða sem ber heitið- Hvernig koma störf fram í leikjum 3 og 5 ára barna. Rannsóknin er hluti af meistaranámi við háskóla Íslands. Upplýsingum verður aflað með opnum viðtölum og þátttökuathugunum. Ekki er safnað eða unnið með staðla eða tölulegar upplýsingar heldur lýsandi gögn. Gert er ráð fyrir að rannsókn verði lokið 2010

Hvert verða upplýsingarnar sóttar? Upplýsingar koma frá þátttakendum

Heimild(ir) til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 8. gr. **laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga** samþykki hins skráða sbr. 1. tl.

Verður unnið með viðkvæmar Já

persónuupplýsingar, sbr 8. tl. 2. gr.
laganna?

Viðbótarskilyrði um vinnslu upplýst og skriflegt samþykki hins skráða sbr. 1.tl.
viðkvæmra persónuupplýsinga, sbr.
9. gr. **laganna?**

Frekari skýringar á þeim heimildum sem merkt er við hér að ofan (t.d. lagaákvæði eða ef byggt er á samþykki hins skráða skal hér greint frá efni samþykkisyfirlýsingar) Leitað verður eftir samþykki foreldra/forráðamanna séu þátttakendur undir 18 ára aldriLeitað verður eftir samþykki foreldra/forráðamanna séu þátttakendur undir 18 ára aldri

Ef aflað er persónuupplýsinga frá öðrum en hinum skráða, hvernig er þá uppfyllt viðvörðunarskylda gagnvart hinum skráða, sbr. 21. gr. **laganna** < DIV> Ekki er aflað persónuupplýsinga frá öðrum en þátttakendum

Ef aflað er persónuupplýsinga frá hinum skráða sjálfum, hvernig er þá uppfyllt fræðsluskylda, sbr. 20. gr. **laganna** Ekki er aflað upplýsinga frá öðrum en þátttakendum

Verður persónuupplýsingum safnað með notkun eftirlitsmyndavéla eða annars konar vöktunarbúnaðar? Nei

Verða upplýsingarnar afhentar öðrum. Hverjum? Guðbjörg Vilhjálmsdóttir kennari í HÍ er leiðneinandi minn við verkefnið og hefur einnig aðgang að upplýsingum sem ég safnaGuðbjörg Vilhjálmsdóttir kennari í HÍ er leiðneinandi minn við verkefnið og hefur einnig aðgang að upplýsingum sem ég safna

Verða upplýsingarnar fluttar úr landi? Nei

Verða upplýsingarnar birtar á Netinu / Vefnum? Nei

Hvaða öryggisráðstafanir verða viðhafðar ? Afmáun persónuauðkenna

Ef annað. þá hvað?

Nafn og/eða stöðuheiti þess sem ber ábyrgð á framangreindum öryggisráðstöfunum

Verður upplýsingunum/auðkennunum eytt og þá hvenær? Ekki verða skráð persónugreinanleg atriði. Nótur úr vettvangsathugun verða ekki persónugreinanlegar. Viðtal verður afritað af upptökutæki og persónugreinanlegum upplýsingum eytt í skráningu. Upptöku verður eytt að lokinni afritun

Verður öðrum aðila (vinnsluaðila) með skriflegum samningi falin vinnsla upplýsinganna? Nei

Kennitala vinnsluaðila: (eingöngu tölustafir)

Nafn vinnsluaðila:

Heimilisfang vinnsluaðila:

Póstnúmer:

Staður:

Hverjar eru skyldur vinnsluaðila samkvæmt þessum samningi?

Aðrar athugasemdir tilkynnanda:

Viðauki 2 Leyfisbréf

Leyfisbréf:

Ágæta foreldri/forráðamaður

Ég er nemandi í MA námi í náms- og starfsráðgjöf í Háskóla Íslands. Núna er ég að vinna verkefni sem er hluti af mastersritgerð minni og samanstendur af þátttökuathugunum í hópi 3 ára til 5 ára leikskólabarna. Rannsóknin fjallar um hvaða störf koma fram í leik 3 ára og 5 ára barna.

Ég hef fengið leyfi _____leikskólastjóra til þess að leita eftir samþykki foreldra/forráðamanna.

Með þessu bréfi óska ég eftir samþykki þínu til þess að gera þátttökuathugun í hópi barnsins þíns. Ég heiti fullum trúnaði og ekki verður hægt að rekja rannsóknarniðurstöður til einstakra barna eða leikskóla.

Bestu kveðjur

Með von um jákvæð viðbrögð

Agnes Ósk Snorradóttir
S:861 8088

- Ég samþykki
- Ég gef ekki samþykki mitt

Nafn

barns: _____

Nafn foreldris/forráðamanns _____

